# FRÉTTABLAÐIÐ

258. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER 2019




Miklar framkvæmdir með stórvirkum vinnuvélum standa yfir á Hringbraut vegna nýbyggingar þjóðarsjúkrahúss. Í gær var í gangi sprengivinna og jarðvegsframkvæmdir í grunni nýs meðferðarkjarna spítalans. Framkvæmdasvæði meðferðarkjarnans er nú komið í fulla stærð og unnið er að uppgreftri og bergstyrkingum á norðurvegg kjarnans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vilja rækta papaja og mangó í Ölfusi

**Fjárfestar stefna að því að reisa allt að fimm hundruð þúsund fermetra gróðurhús hér á landi. Formaður Félags garðyrkjubænda og einn aðstandenda félagsins segir hugmyndina að Ísland verði matvælaland heimsins. Háð orkuverði hvort verkefnið sé raunhæft.**

**YLRÆKT** Félagið Paradise Farms og sveitarfélagið Ölfus hafa ákveðið að ganga frá viljayfirlýsingu um að félagið fái leigða allt að 50 hektara sem ætlaðir verði undir vistvæna matvælaframleiðslu og þá sérstaklega stór gróðurhús.

„Félagið hyggst fyrst um sinn framleiða tómata, kál, paprikur og annað hefðbundið grænmeti og bæta síðan við framleiðslu á mangó, avocado, bönunum, papaya og fleira,“ segir um áformin í fundargerð sveitarstjórnar Ölfuss.

„Við erum að velta fyrir okkur hvort við getum gert Ísland að matvælalandi heimsins,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Félags garðyrkjubænda og einn aðstandenda Paradise Farms sem sagt er stefna að fimm þúsund tonna framleiðslu fyrsta árið og horfa sérstaklega til útflutnings.“ Erlendir fjárfestar standa að félaginu.

Gunnar segir að gert sé ráð fyrir eitt hundrað þúsund fermetrum undir gleri – með stækkunarmöguleika upp í fimm hundruð þúsund fermetra sem samsvarar áðurnefndum 50 hekturum. „Það þarf riflegt olnbogapláss ef þetta á að verða að veruleika,“ segir hann.

> **Þetta snýst um það að við fáum orku, bæði rafmagn og heitt vatn á skynsamlegu verði.**
>
> Gunnar Þorgeirsson, formaður Félags garðyrkjubænda og einn aðstandenda Paradise Farms

Aðspurður hvort raunhæft sé að rækta hér hinar suðrænu ávaxtategundir sem fyrr eru nefndar kveður Gunnar það háð orkuverði. Óformlegar viðræður hafi átt sér stað um það atriði. „Þetta snýst um það að við fáum orku, bæði rafmagn og heitt vatn, á skynsamlegu verði,“ segir hann.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, bendir á að mannkynið þurfi á næstu fjörutíu árum að framleiða jafn mikið af matvælum og næstu átta þúsund árin þar á undan. Ölfus hafi mikla sérstöðu og hafi þá stefnu að marka sér sérstöðu í framleiðslu á umhverfisvænum matvælum.

„Hér erum við með 730 ferkílómetra af landi og stóran hluta á lágsléttu. Við erum með sennilega stærstu vatnsgeyma í jörðu á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Og við erum með eitt orkuríkasta svæði landsins og svo erum við með inn- og útflutningshöfn.“

Sveitarstjórn Ölfuss hefur einnig samþykkt að skrifa undir viljayfirlýsingu um að skoða möguleika á að félagið Iceland Circular fái úthlutað allt að 50 hektara lóð. „Á lóðinni stefnir Iceland Circular að því að byggja upp umhverfisvæna iðngarða til matvælaframleiðslu þar sem áhersla verði lögð á sjálfbærni og hringrásarhagkerfi,“ segir um áætlanir Iceland Circular. – **gar**




## Veður



Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s í kvöld. Slydda eða snjókoma með köflum SA-lands, en él á N- og A-landi.Norðaustan 8-13 á Vestfjörðum og við SA-ströndina á morgun, annars hægari. SJÁ SÍÐU 16

# Meira vægi verknáms

**MENNTAMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) kynntu í gær nýja skýrslu um áherslur í menntamálum. Í skýrslunni Menntun og færni er farið yfir helstu áskoranir í menntakerfinu og komið með tillögur til úrbóta á öllum skólastigum.

Helstu áskoranir eru slakur námsárangur grunnskólanema, hátt brottfall úr framhalds- og háskólum, lágt hlutfall nema í sjálfstætt starfandi skólum, breyttar hæfnikröfur vegna aukinnar tækni, kennaraskortur og lágt hlutfall nemenda í iðn-, verk- og listnámi.

> Það er allt of lágt hlutfall nemenda sem sækir iðn- og verknám.

Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs SA



Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs SA, sem kynnti skýrsluna á fundi í gær, kallaði eftir hugarfarsbreytingu til verknáms. „Það er allt of lágt hlutfall nemenda sem sækir iðn- og verknám og þar skiptir höfuðmáli hugarfarsbreyting sem þarf að eiga sér stað. Við teljum ekki að það þurfi ekki að setja meiri peninga í það kerfi heldur snýst þetta um hugarfar, sérstaklega foreldra og ungmennanna sjálfra, að það sé ekki litið á þetta sem einhvers konar annars flokks nám sem það er að sjálf sögðu ekki," sagði Davíð.

SA leggja einnig til styttra grunnskólanám, sameiningu háskóla landsins og fjöldatakmarkanir í háskóla. Að auki þurfi að tryggja leikskólapláss fyrir öll börn við lok fæðingarorlofs og að sveitarfélög greiði fullan kostnað fyrir börn í sjálfstætt starfandi skólum. – **bdj**

## Síðdegisumferð um Kringlumýrarbraut



Það var þétt síðdegisumferð um Kringlumýrarbraut til suðurs yfir í Kópavog í gær. Hætt er við því að nagladekk slíti malbikið og dragi úr loftgæðum með mengun. Neikvæð áhrif svifryks í andrúmslofti á heilsu manna hafa komið sífellt betur í ljós á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Attentus lagði til að ráðgjafi stigi til hliðar

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnendur Attentus höfðu sjálfir frumkvæði að því að nýr ráðgjafi tæki yfir verkefni sem fyrirtækið var fengið til að vinna í samstarfi við stjórnendur Vinnueftirlitsins. Í framhaldi var það sameiginleg ákvörðun þeirra og stjórnenda Vinnueftirlits að svo yrði.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að ráðgjafi fyrirtækisins hefði verið látinn víkja út af meintum dónaskap í garð starfsmanna Vinnueftirlitsins.

„Það var gert til að tryggja að ágreiningur, meðal annars um meint ummæli, bitnaði ekki á faglegri vinnu sem komin var af stað innan Vinnueftirlitsins. Samhliða var málið sett í faglegt ferli hjá stofnuninni og fengnir utanaðkomandi aðilar til að annast málið svo tryggja mætti hlutlausa málsmeðferð," segir Inga Björg Hjaltadóttir, einn eigenda Attentus. – **bþ**

# Klóna hunda og ketti í hundraðatali í Texas

**Mörg hundruð manns hafa tekið á það ráð að láta klóna gæludýrin sín líkt og Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrú. Lauren Aston, hjá ViaGEn Pets, segir eftirspurn eftir klónun gæludýra vera að aukast.**



**Dorrit Moussaieff lét klóna hundinn Sám og í október fæddist Samson, eini íslenski hundurinn sem hefur verið klónaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SAMFÉLAG** „Eftirspurnin er slík að fólk þarf að skrá sig á biðlista," segir Lauren Ashton, skrifstofu- og markaðsstjóri ViaGen Pets í Texas. Fyrirtækið sérhæfir sig í klónun hesta og gæludýra og hefur frá stofnun klónað fjölda hunda, katta og hesta ásamt því að varðveita DNA-sýni úr dýrum sem fólk hyggst láta klóna í framtíðinni. Nýlega klónaði fyrirtækið hundinn Sám en hann var gæludýr Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrúr Íslands. Hinn klónaði hundur Samson fæddist 25. október síðastliðinn.

„Við höfum framleitt þúsundir af bæði hestum og búfénaði síðan árið 2001 og frá því árið 2015 höfum við klónað hundruð hvolpa og kettlinga," segir Lauren og bætir við að fjöldi þeirra sem leiti til fyrirtækisins hafi aukist jafnt og þétt frá því að hafist var handa við að klóna gæludýr.

Þegar dýr eru klónuð eru frumur myndaðar úr erfðaefni dýrsins sem skal klóna og fósturvísi sem myndaður er úr frumunum komið fyrir í staðgöngumóður. Klónið ber því sama erfðamengi og fyrirmyndin og verður því líkt og eineggja tvíburi þess í útliti. Aðspurð að því hvort persónuleiki klónsins verði líkur persónuleika fyrirmyndarinnar segir Lauren að þar spili fleiri þættir inn í.

„Við eigum margt ólært þegar kemur að persónuleika og skapgerð klóna og því hvaða áhrif erfðir og umhverfið hefur þar á. En viðskiptavinir okkar hafa sagt okkur sögur af því að klónuðu gæludýrin þeirra sýni mikið af persónuleikaeinkennum erfðagjafans," segir hún.

> Við eigum mikið ólært þegar kemur að persónuleika og skapgerð klóna og því hvaða áhrif erfðir og umhverfið hefur þar á.

Lauren Aston, skrifstofu- og markaðsstjóri ViaGen Pets

Gagnrýnisraddir hafa heyrst úr ýmsum áttum um klónun dýra og spyrja margir sig að því hvort það sé siðferðislega rétt að klóna dýr.

„Það eru margir andvígir því að stunduð sé hvers konar endursköpun á gæludýrum í ljósi þess að til er fjöldi af dýrum sem vantar heimili. Við gerum okkur fulla grein fyrir þeirri stöðu og styðjum við dýraathvörf og ættleiðingu dýra eftir fremsta megni. Hins vegar hittum við marga sem þrá að njóta lífsins með eineggja tvíbura gæludýrsins sem skipti þá svo miklu máli og tæknin gerir þeim það mögulegt," segir Lauren.

„Það er erfitt að koma orðum yfir gleðina sem viðskiptavinir okkar sýna þegar þeir fá nýju kettlingana sína og hvolpana í fangið. Við fáum svo að fylgjast áfram með stórum hluta þeirra og það er yndislegt að sjá hamingjuna sem dýrin færa eigendum sínum," segir Lauren.

**birnadrofn@frettabladid.is**



# ID Mesh

Einstakur stóll úr ID Chair Concept-línu Vitra, hannaður af Antonio Citterio.

Tilboðsverð

**99.900 kr.**

Verð áður 136.849 kr.



ÞÚ SPARAR
36.949 KR.

- Hæðarstilling
- Dýptarstilling setu
- Stillanlegur mjóhryggsstuðningur
- Samhæfð stilling setu og baks
- Framhallanleg seta
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Þolir 150 kg
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd

vitra.

**Hönnun:** Antonio Citterio
**Vörunúmer:** VI431001011425316603

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Opið virka daga 8:00–18:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn Húsgögn




**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

**1** **Sindri strokufangi opnar sig** Höfuðpaur hins alræmda Bitcoin-máls ræddi málið við hið bandaríska Vanity Fair.

**2** **Kristín ánægð með nýjan þjóðleikhússtjóra** Borgarleikhússtjóri sótti um stöðuna en er ánægð með ráðningu Magnúsar Geirs.

**3** **Flugeldur hafnaði á bíl** nginn slasaðist þegar kveikt var í tertu í Vogahverfi.

**4** **Þúsund tonna bergfylla féll í sjó** Bergfyllan í Ketubjörgum hrundi um helgina.

**5** **Heimsfrægur sjónvarpslæknir á Íslandi** Leikkonan Kate Walsh úr Grey's Anatomy er stödd á landinu.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**



Erna Gísladóttir, forstjóri BL

## Erna kaupir hlut í Högum

**VIÐSKIPTI** Erna Gísladóttir, stjórnarformaður Haga, keypti sex milljónir hluta í félaginu á genginu 42,3 krónur á hlut í gær. Samtals greiddi hún því rúmar 250 milljónir króna fyrir hlutinn. Um er að ræða nærri hálfs prósents hlut í félaginu.

Það er félagið Egg ehf., sem er í eigu Ernu og eiginmanns hennar, sem stendur að baki kaupunum. Hún átti engin bréf í smásölurisanum fyrir viðskiptin.

Erna, sem er forstjóri og eigandi BL, hefur setið í stjórn Haga frá árinu 2010 en félagið rekur meðal annars verslanir undir merkjum Bónuss og Hagkaups. Hlutabréf í Högum hækkuðu um 3,33% í gær en veltan nam 700 milljónum. **- hae**

# Tíu þúsund fleiri karlar en konur á landinu

**SAMFÉLAG** Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar fjölgaði Íslendingum um 2.470 á þriðja ársfjórðungi 2019. Alls bjuggu 362.860 einstaklingar á landinu í lok september, 186.220 karlar og 176.640 konur. Á höfuðborgarsvæðinu búa nú 232.070 en 130.790 utan þess.

Alls fæddust 1.250 börn á ársfjórðungnum en 540 Íslendingar yfirgáfu þessa jarðvist. Á sama tíma fluttust 1.560 til landsins umfram brottflutta. Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 210 umfram aðflutta, en aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru 1.770 fleiri en þeir sem fluttust frá landinu.

Danmörk var helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara en þangað fluttust 500 manns á þriðja ársfjórðungi. Til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar fluttu 880 íslenskir ríkisborgarar af samtals 1.150. Af þeim 1.280 erlendu ríkisborgurum sem fluttu frá landinu fóru flestir til Póllands, eða 370.

**Flestir aðfluttir íslenskir borgarar komu frá Danmörku eða 310, 140 frá Noregi og 270 frá Svíþjóð.**

Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku eða 310, 140 frá Noregi og 210 frá Svíþjóð, samtals 670 af 950. Pólland var upprunaland flestra erlendra ríkisborgara, en þaðan fluttust 790 til landsins af alls 3.050 erlendum innflytjendum. Litháen kom næst, en þaðan fluttu 250 erlendir ríkisborgarar til landsins. Í lok annars ársfjórðungs bjuggu 48.640 erlendir ríkisborgarar á Íslandi, eða 13,4% af heildarmannfjölda. **– bþ**

# Frumvarp um fæðingarorlof afleitt að mati verðandi móður

**Frumvarp félagsmálaráðherra um lengingu fæðingarorlofs felur í sér að bæta við rétt hvors foreldris um sig. Kona sem á von á barni í byrjun næsta árs gagnrýnir ósveigjanleika í reglunum. Þetta fer gegn leiðbeiningum landlæknis um að hafa barn á brjósti út fyrsta árið og lengur ef það hentar móður og barni.**

**STJÓRNMÁL** „Það er frábært að verið sé að lengja fæðingarorlofið, en með þessum fyrirhuguðu breytingum er verið að taka frá foreldrum valið um hvað hentar hverri fjölskyldu best með því að skipta mánuðunum niður með þessum hætti," segir Þuríður Ósk Sveinsdóttir, en hún á að eiga barn í janúar. Ef fyrirhugað frumvarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, verður orðið að lögum lengist fæðingarorlofið um áramótin úr níu mánuðum í tíu. Ári síðar bætist svo við einn mánuður til viðbótar. Er þetta í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð lífskjarasamninganna um að lengja samanlagðan rétt foreldra til fæðingarorlofs.

Um áramótin bætist einn mánuður við sjálfstæðan rétt hvors foreldris um sig, en sameiginlegur réttur fer úr þremur niður í tvo. Í dag fá foreldrar þrjá mánuði hvort um sig og þrjá mánuði í sameiginlegan rétt.

„Feður geta því miður ekki gefið brjóst. Sumar konur vilja hafa börnin lengi á brjósti, svo eru aðrar sem geta ekki verið með barnið sitt á brjósti og þá gefur peli mjög góða næringu," segir Þuríður. Með breytingunum hafa mæður í mesta lagi hálft ár til að vera heima með barnið á brjósti. Var hún með eldra barnið sitt á brjósti í meira en ár. „Ég var ekki reiðubúin að minnka brjóstagjöfina mikið eftir aðeins sex mánuði."



**Þuríður Ósk Sveinsdóttir á að eiga í janúar 2020, eftir að nýjar reglur um fæðingarorlof félagsráðherra eiga að taka gildi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breytingarnar eru ekki í samræmi við upplýsingar sem foreldrum eru veittar í bæklingnum Næring ungbarna sem gefinn er út af Embætti landlæknis. „Mælt er með að hafa barnið áfram á brjósti út fyrsta árið og lengur ef það hentar móður og barni," segir í bæklingnum. Er þá einnig tekið dæmi um máltíðir barna eftir sex mánaða aldur og talað um móðurmjólk á morgnana, í hádeginu, síðdegis og á kvöldin. „Það gengur ekki upp ef ég á að vera farin að vinna þegar barnið er hálfs árs," segir Þuríður.

Samkvæmt Embætti landlæknis sýnir rannsókn á 16 til 30 mánaða börnum að börn sem eru lengi á brjósti eru sjaldnar veik og í styttri tíma en börn sem hafa ekki verið á brjósti. Aðrar rannsóknir sýna einnig heilsufarslega jákvæð áhrif móðurmjólkur fyrir heilsu ungbarna og móður, einnig eftir fjögurra mánaða aldur.

**Embætti landlæknis mælir með að hafa barn á brjósti út fyrsta árið og lengur ef það hentar móður og barni.**

Nýverið kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns VG, að árlega frá árinu 2015 færu rúmlega 700 feður ekki í fæðingarorlof. Fjöldi mæðra er talsvert minni, um 100 konur á hverju ári.

Þuríður kallar eftir meiri sveigjanleika við lengingu fæðingarorlofsins. „Ég tel að það ætti frekar að fjölga þeim mánuðum sem foreldrar hafa í sameiginlegan rétt." Lausnin fyrir næsta ár væri frekar að veita hvoru foreldri fyrir sig þriggja mánaða rétt og fjóra mánuði í sameiginlegan rétt.

Um áramótin 2021 er svo stefnt að því að hvort foreldri fái fimm mánaða rétt með tvo mánuði í sameiginlegan rétt. Telur hún það afleita hugmynd. „Það er vissulega gott að hvetja feður til að taka fæðingarorlof en það er miklu betra og sanngjarnara að fjölskyldur fái að ákveða það sjálfar hvernig fyrirkomulag á að vera fyrsta árið."

**arib@frettabladid.is**




Kristín Eiríksdóttir segir áhrifamiklar sögur í ljóðum sínum og dregur upp bæði beinskeyttar og blíðar myndir sem lifa lengi með lesendum.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Lau. 11-16 | www.forlagid.is

# NÝ SENDING AF BÍLALEIGUBÍLUM

## YFIRFARNIR AF UMBOÐI • GÓÐ VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



**Renault Trafic L3H1**
Nýskráður 6/2018, ekinn 69 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**
Afborgun krónur 49.795 á mánuði*



**PEUGEOT 208 Active Navi**
Nýskráður 8/2016, ekinn 82 þús. km.,bensín, 5 gírar.
**Tilboð kr. 990.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 5/2018, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 2.690.000**
Afborgun krónur 33.622 á mánuði*



**Honda Civic Elegance**
Nýskráður 3/2018, ekinn 20 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 2.890.000**
Afborgun krónur 36.110 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 2/2017, ekinn 81 þús. km.,bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Tilboð kr. 3.490.000**
Afborgun krónur 43.574 á mánuði*



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 10/2017, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 1.790.000**
Afborgun krónur 22.426 á mánuði*



**Peugeot Partner Tepee Outdoor**
Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**
Afborgun krónur 24.914 á mánuði*



**Peugeot 5008 Style 7 manna**
Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**
Afborgun krónur 29.890 á mánuði*



**Peugeot 108 Active**
Nýskráður 6/2016, ekinn 60 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Tilboð kr. 790.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Opel Movano 9 manna**
Nýskráður 6/2016, ekinn 142 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**
Afborgun krónur 24.914 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
**Tilboð 3.690.000**
Afborgun krónur 46.063 á mánuði*



**Honda HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 94 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.190.000**
Afborgun krónur 27.402 á mánuði*

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

## LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR

## SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
Opið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



Kári Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kári styrkti Sósíalista

STJÓRNMÁL Kári Stefánsson styrkti Sósíalistaflokk Íslands um 250 þúsund krónur á síðasta ári. Þetta kemur fram í útdrætti úr ársreikningi flokksins sem birtur var á vef Ríkisendurskoðunar. Að auki lagði viðskiptamaðurinn Sigurður Pálmason fram sömu upphæð til flokksins.

Sósíalistar buðu fram lista í borgarstjórnarkosningum á síðasta ári og náðu einum kjörnum fulltrúa, Sönnu Magdalenu Mörtudóttur. Flokkurinn er sá fyrsti af þeim flokkum sem buðu fram í borgarstjórnarkosningunum sem leggur fram ársreikning sinn hjá Ríkisendurskoðun.

Alls fékk Sósíalistaflokkurinn 6,2 milljónir króna í rekstrartekjur á síðasta ári. Framlög einstaklinga og fyrirtækja voru 4,7 milljónir króna, 901 þúsund frá Reykjavíkurborg, 250 þúsund frá fyrirtækinu Forvörnum og eftirliti ehf. og 3,6 milljónir króna frá einstaklingum. Þar af eru tilgreindir tveir 250 þúsund króna styrkir frá Kára og Sigurði. Reikna má með að önnur framlög séu að mestu leyti félagsgjöld. Að auki fékk Sósíalistaflokkurinn 1,4 milljónir króna í aðrar rekstrartekjur samkvæmt útdrættinum. – bþ

# Kanni kynbundinn launamun söngvara Íslensku óperunnar

**Formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna segir kjarasamninga hafa verið brotna í samningum Íslensku óperunnar við söngvara sem tóku þátt í sýningunni Brúðkaup Fígarós. Æfingalaun kvenkyns söngvara hafi verið afar lág. Verið sé að snúa niður kjör þeirra sem í raun beri uppi árangur Óperunnar.**

KJARAMÁL Átta söngvarar Íslensku óperunnar standa í deilum við stofnunina vegna launakjara við sýninguna Brúðkaup Fígarós sem sýnd var í september og október síðastliðnum. Á föstudaginn birti Fréttablaðið viðtal við Steinunni Birnu Ragnarsdóttur óperustjóra þar sem hún fullyrðir efnislega að kjarasamningur milli Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Íslensku óperunnar eigi ekki við um söngvarana þar sem þeir séu lausráðnir.

Gunnar Hrafnsson, formaður FÍH, er á öðru máli og segir fullyrðingu Steinunnar Birnu ekki standast. Í gildi sé samningur milli FÍH og Óperunnar frá 4. desember 2000 sem aldrei hafi verið sagt upp og fyrri óperustjórar virt.

Fyrir sýninguna sem deilan stendur um hafi verið gerðir verktakasamningar við hvern söngvara um tilteknar upphæðir og segir Gunnar að ein klausa veki sérstaka eftirtekt í samningunum: „Undirritun þessa samnings bindur báða aðila með tilvísan í fyrrnefndan kjarasamning milli Íslensku óperunnar og Félags íslenskra leikara/Félags íslenskra hljómlistarmanna um kaup og kjör lausráðinna söngvara, með þeim frávikum og fyrirvörum sem felast kunna í ofantöldum atriðum.“ Verktakasamningarnir hafi allir verið gerðir í vor og tilvist kjarasamningsins þar með verið viðurkennd.

Gunnars segir Óperuna því hafa brotið gegn kjarasamningum með margvíslegum hætti. „Meðal annars var virt að vettugi sú skylda að Íslenska óperan tilkynni til FÍH hvaða söngvarar séu ráðnir og sendi einnig yfirlýsingu um að ekki skuli greidd lægri laun en kjarasamningurinn segir til um. Þá fór hámarksæfingatími fram yfir 24 klukkustundir á viku auk þess sem ekki var greitt samningsbundið upp á 17,42% á laun,“ segir Gunnar.



Gunnar Hrafnsson segir kjarasamninga brotna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann segir rétt að greidd hafi verið hærri sýningalaun en ákvæði kjarasamnings segja til um. En það skýrist af því að einungis sé kveðið á um hver lágmarkslaun skuli vera en ekkert sé því til fyrirstöðu að verkkaupi bjóði hærra verð.

Þá segir Gunnar að kanna þurfi hvort kynbundinn launamunur tíðkist hjá söngvurum Íslensku óperunnar. „Tveimur kvensöngvurum í stórum hlutverkum eru boðnar 300.000 krónur í heildarlaun sem verktakar fyrir mánaðarvinnu á æfingatíma og öllum hópnum er greitt langt undir ákvæðum samningsins fyrir æfingar. Mér finnst að það þurfi að fara dýpra í þau mál,“ segir hann.

Gunnar segir enn fremur að tilboð Óperunnar um kjaraleiðréttingu hafi bara staðið þremur af átta söngvurum til boða og lykti af því að verið sé að reyna að splundra samstöðu innan hópsins.

> **Tveimur kvensöngvurum í stórum hlutverkum eru boðnar 300.000 krónur í heildarlaun sem verktakar fyrir mánaðarvinnu á æfingatíma.**
>
> Gunnar Hrafnsson, formaður FÍH

„Kjarni málsins er að með ógegnsæjum verktakasamningum og launaleynd er verið að snúa niður kjör þeirra sem í raun bera uppi árangur Íslensku óperunnar. Söngvararnir eiga að vinna æfingar á launum sem standast engan samanburð og áhættan er þeirra hvort sýningar nái nægilegum fjölda til að rétta eitthvað af kjörin. Í sögulegu samhengi hafa laun söngvara við Íslensku óperuna lækkað að kaupmætti. Hefur það gerst líka hjá stjórnendum Íslensku óperunnar?“ spyr Gunnar.

Steinunn Birna óperustjóri vísar því alfarið á bug að kynbundinn launamunur þrífist innan Íslensku óperunnar. „Ég sem kvenkyns óperustjóri passa sérstaklega upp á að slíkt tíðkist ekki. Laun ákvarðast af stærð hlutverka og einnig hvort viðkomandi söngvari sé með aríur í verkinu. Oft eru kvenhlutverkin stærst en í Brúðkaupi Fígarós var vægi hlutverkanna mjög jafnt,“ segir hún. bjornth@frettabladid.is

## 4.885 dómar á aldarfjórðungi

DÓMSTÓLAR Markús Sigurbjörnsson lét af störfum sem hæstaréttardómari 1. október síðastliðinn eftir að hafa setið við réttinn frá árinu 1994.

Markús var því hæstaréttardómari í aldarfjórðung en aðeins tveir aðrir dómarar hafa setið lengur í Hæstarétti Íslands. Þetta kemur fram á vef réttarins.



Markús Sigurbjörnsson.

Aðspurður um feril sinn segir Markús að annatímar í framhaldi bankahrunsins standi upp úr. „Gleðilega hliðin á því var að missa ekki niður skilvirknina, jafnóvenjuleg, mörg og umfangsmikil og þau mál voru. Frá mínum bæjardyrum séð var þar unnið þrekvirki,“ er haft eftir Markúsi og hann bætir við að skemmri afgreiðslutími mála hafi einnig verið mikils virði fyrir samfélagið.

Markús segist hafa setið í dómi í 4.885 málum þennan tíma. Hæstiréttur hafi töluvert breyst bæði hvað varðar starfsemi og vinnubrögð. Þá hafi málafjöldi aukist töluvert og í seinni tíð hafi mál orðin flóknari og umfangsmeiri.

Markús var forseti Hæstaréttar í sjö ár, árin 2004 og 2005 og síðan 2012 til 2016. Að auki var hann varaforseti 2002 og 2003. – ds

# Samherji segir uppbyggingu hamlað og Norlandair horfir til Grænlands með framtíðaraðstöðu í huga

SAMGÖNGUR Útgerðarfélagið Samherji gagnrýnir að í drögum að samgönguáætlun sé hvorki gert ráð fyrir að því að ljúka við flughlað Akureyrarflugvallar né því að stækka flugstöðina við völlinn.

Í umsögn Samherja til Alþingis segir að flughlaðið sé forsenda þess að byggja upp atvinnulóðir á Akureyrarflugvelli. Fyrirtæki á svæðinu hafi viljað byggja allt frá því árið 2013. „Þetta hamlar frekari uppbyggingu fyrirtækja sem starfa í tengslum við völlinn, þar með talið Norlandair ehf, sem Samherji hf.

> **Á þessum tíma höfðu bæði ráðherrar og aðrir þingmenn fullyrt í okkar eyru að það yrði gengið frá þessari uppfyllingu.**
>
> Úr umsögn Norlandair vegna samgönguáætlunar



Samgönguáætlun gerir hvorki ráð fyrir að því að ljúka við flughlað Akureyrarflugvallar né því að stækka flugstöðina. Fyrirtækin Norlandair og Samherji segja það standa atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

er hluthafi í. Meðan flughlaðið er ekki tilbúið getur Norlandair ekki byggt upp framtíðaraðstöðu eins og nauðsynleg er til uppbyggingar á fyrirtækinu.“

Norlandair sendir einnig inn umsögn og tekur þar í sama streng. Minnt er á að félagið hafi sinnt leiguflugi og áætlunarflugi frá Akureyri til Nerlerit Inaat á austurströnd Grænlands, ásamt því að sinna áætlunarflugi til Vopnafjarðar, Þórshafnar og Grímseyjar. Sótt hafi verið um nýja lóð á væntanlegri uppfyllingu við flugvöllinn árið 2012 en Isavia hafi synjað þeirri beiðni.

„Á þessum tíma höfðu bæði ráðherrar og aðrir þingmenn fullyrt í okkar eyru að það yrði gengið frá þessari uppfyllingu þannig að hægt væri að koma upp aðstöðu þar innan tiltölulega skamms tíma. Nú, árið 2019, heilum sjö árum frá því að farið var í umsóknarferli fyrir byggingarlóð, er staðan sú að það vantar töluvert af efni í uppfyllinguna,“ segir í umsögn Norlandair. Nú geti önnur fimm ár bæst við biðtímann sem væri þá orðinn tólf ár í heild.

„Í krefjandi rekstrarumhverfi sem flugrekstur er, þá gefur augaleið að tólf ára biðtími er óraunhæfur. Því hefur verið horft til annarra svæða, til dæmis Grænlands, til framtíðaruppbyggingar á félaginu og ef samgönguáætlun verður samþykkt eins og hún liggur fyrir þá er ljóst að það þarf að setja aukinn kraft í þá vinnu,“ boðar Norlandair í umsögn sinni. – gar

# TUTTUGU ÁR AF TÖFRUM!

**HARRY POTTER OG VISKUSTEINNINN EFTIR J.K. ROWLING**

Í dag eru tuttugu ár frá því að Harry Potter og viskusteinninn kom út á íslensku.
Af því tilefni endurútgefum við þessa stórkostlegu bók í glæsilegri
myndskreyttri útgáfu, í stóru broti og í takmörkuðu upplagi.
Glæsilegar myndir Jims Kay auka enn á töfrana í sögu J.K. Rowling!




BÆKURNAR UM GALDRASTRÁKINN HARRY POTTER
HAFA SELST Í MEIRA EN **500 MILLJÓNUM EINTAKA!**

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

# Afskekkt hótelmæðgin vilja vegabætur á Ströndum strax

**Mæðginin Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti og Héðinn Birnir Ásbjörnsson, hótelhaldari á Hótel Djúpavík, krefjast þess að Alþingi forði „merkilegustu sveit landsins“ frá því að leggjast í eyði. Annað yrði ríkisstjórn undir forystu VG til ævarandi skammar. Setja ætti Árneshrepp í forgang sem útvörð Stranda.**

SAMGÖNGUR „Það yrði þessari ríkisstjórn undir forystu VG til ævarandi skammar ef þessi gamla heimasveit mín legði upp laupana á þessu kjörtímabili sem er raunverulegur möguleiki á,“ segir Héðinn Birnir Ásbjörnsson, hótelhaldari á Hótel Djúpavík, í umsögn sinni um drög að samgönguáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi.

Héðinn er sonur Evu Sigurbjörnsdóttur, oddvita í Árneshreppi, sem setti Hótel Djúpavík á laggirnar ásamt eiginmanni sínum fyrir yfir þremur áratugum. Eins og Héðinn gerir Eva alvarlegar athugasemdir við hversu skarðan hlut Árneshreppur eigi að bera frá borði þegar komi að framkvæmdafé í samgönguáætluninni.

„Þar hefur enn einu sinni verið slegið út af borðinu að leggja fjármagn í Veiðileysuháls í Árneshreppi,“ segir Eva í sinni umsögn sem oddviti um samgönguáætlunina. Veiðileysuháls er sunnan Reykjarfjarðar þar sem Hótel Djúpavík er. „Samkvæmt fyrri samgönguáætlun var fyrirhugað að setja í Veiðileysuhálsinn 400 milljónir króna árið 2022, en fyrir okkar fámenna sveitarfélag kemur ekki til greina að bíða svo lengi og gæti þá jafnvel verið orðið of seint.“

Héðinn segir hótelhaldara á Djúpavík mótmæla því harðlega að enn einu sinni eigi að draga lappirnar varðandi uppbyggingu heilsársvegar yfir Veiðileysuháls. Fjölskyldan hafi haldið úti heilsársþjónustu á svæðinu í 35 ár og því kallað á betri samgöngur allt árið. Í aldarfjórðung hafi engar stórar vegabætur verið gerðar í Árneshreppi sem sé eina sveitarfélag landsins sem þurfi að búa við að vera lokað landleiðina þrjá mánuði á ári.



Sama fjölskyldan hefur rekið hótel í meira en þrjátíu ár á Djúpavík í Reykjarfirði á Ströndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Á sama tíma gerum við ekkert annað en að hafna bókunum ferðamanna sem vilja upplifa Strandir í öllu sínu vetrarveldi,“ segir í umsögn Héðins. Ef enn verði dráttur á vegauppbygginu verði engin byggð við þennan enda vegarins.

„Þessi fyrirætlan er til skammar,“ segir Héðinn og bendir á að Árneshreppur sé nú flokkaður í hópi brothættra byggða og því sé samgönguáætlunin ekki í takti við svokallaðar byggðaaðgerðir. „Að lokum biðla ég til þingmanna allra að koma í veg fyrir þessa hneisu og sameinast um að hlúa að þessari merkilegustu sveit landsins.“

> Ef okkar sveit fer í eyði þá raknar byggðin upp og fyrr en varir yrði Bjarnarfjörðurinn, Kaldrananeshreppur og jafnvel Strandabyggð orðin jaðarbyggðir.
>
> Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps



Eva ítrekar að tímabært sé fyrir ráðamenn að gera það upp við sig hvort þeir vilja láta heilsársbúsetu í Árneshreppi líða undir lok á sinni vakt eða ekki. Setja ætti Árneshrepp í forgang sem útvörð Stranda. „Ef okkar sveit fer í eyði þá raknar byggðin upp og fyrr en varir yrði Bjarnarfjörðurinn, Kaldrananeshreppur og jafnvel Strandabyggð orðin jaðarbyggðir. Slíkt væri ekki til sóma fyrir yfirvöld þessa lands.“

gar@frettabladid.is



Ásmundur Einar Daðason.

## Ráðherra styður Hönnu Sigríði

STJÓRNSÝSLA Félagsmálaráðherra lýsir yfir fullum stuðningi við Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, forstjóra Vinnueftirlitsins, og segir hana hafa fullt umboð til að stokka upp hjá stofnuninni. Hanna Sigríður var skipuð forstjóri án auglýsingar af ráðherranum og tók við sem forstjóri um síðustu áramót. Síðan þá hefur mikil ólga kraumað meðal starfsmanna.

> Ásmundur Einar segir að Hanna Sigríður hafi verið sérstaklega fengin til þess að ráðast í ákveðnar breytingar innan Vinnueftirlitsins.

Stofnunin kom afar illa út í könnun Sameykis um starfsánægju og þá greindi Fréttablaðið frá því í lok síðustu viku að fjórðungur starfsmanna teldi sig hafa upplifað einelti á vinnustaðnum. Ellefu starfsmenn hafa látið af störfum á árinu en alls starfa um 70 manns að jafnaði hjá stofnuninni.

Í viðtali við Ríkisútvarpið sagði Ásmundur Einar Daðason, ráðherra yfir stofnuninni, að Hanna Sigríður hefði verið sérstaklega fengin til þess að ráðast í ákveðnar breytingar og uppstokkun innan Vinnueftirlitsins.

Að mati ráðherrans er hollt fyrir ríkisstofnanir að ganga í gegnum breytingar þó að þær geti skapað ólgu til skamms tíma. Hann beri því fullt traust til nýja forstjórans og að erfitt sé að meta stöðuna á meðan breytingarnar séu að ganga yfir. Marktækara væri að skoða stöðu mála eftir ár. – bþ


FORD FIESTA ST-LINE

RÝMINGARSALA!

RÝMINGARSALA Í VEFSÝNINGARSALNUM Á BRIMBORG.IS!

Þú færð allar upplýsingar um rýmingarsölubílana s.s. búnað, lit og verð í vefsýningarsal Brimborgar á **brimborg.is**

Þar getur þú líka skoðað alla nýja bíla sem eru til á lager og eru í pöntun frá Ford.

**Einfaldaðu bílakaupin. Komdu í vefsýningarsalinn okkar. Hann er opinn allan sólarhringinn!**

*Farðu á vefinn núna!*




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Opið laugardaga kl. 12-16

ford.is


Wizar
...fyrir lífsins ljúfu stundir
Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.
360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði
Fáanlegir Wizar litir
Verð frá
199.900 kr.
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Stjörnur fyrir betri heim



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Bluebird Nordic, var í ágætu blaðaviðtali fyrir skömmu. Þar nefndi hann mikilvægi stjörnunnar, eins og hann kallaði það, það er að allir séu meðvitaðir um að hverju sé stefnt. Þá þurfi ekki á hverjum degi að setja stefnuna. Það eflir félög að hafa skýr markmið.

En það er ekki bara í atvinnulífinu sem þess konar stjörnur eru mikilvægar. Þær eru samfélögum, ríkjum og ríkjasamstarfi líka þýðingarmiklar. Viljum við búa til betri heim þarf að auðkenna að hverju skuli stefnt.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er framkvæmdaáætlun fram til ársins 2030 í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Þær eru stjörnur eða vegferð um að stuðla að friði um gjörvallan heim, auknu frelsi og betri lífskjörum.

Árið 2015 samþykktu öll aðildarríkin 17 metnaðarfull Heimsmarkmið sem krefjast skipulagðrar vinnu alþjóðastofnana, ríkisstjórna, sveitarfélaga og atvinnulífs.

Þessi Heimsmarkmið mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.

Dæmi um þetta er útrýming fátæktar í allri sinni mynd; jafnrétti kynjanna, aðgangur allra að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði; viðvarandi sjálfbær hagvöxtur og arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri; aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Þetta eru háleit markmið fyrir heiminn allan, mikið rétt. Það er margt sem þarf að færa til betri vegar en þeim mun mikilvægara er að vita að hverju sé stefnt.

Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða þessi markmið. Íslenska ríkið og mörg sveitarfélög hafa staðið sig með sóma, bæði við kynningu á heimsmarkmiðunum og að tengja stefnumótun og framkvæmdir við þau. Fyrir það eiga þau hrós skilið.

Það er jafnframt ánægjulegt að sjá hve íslenskt athafnalíf hefur tekið hér skýra forystu. Mörg af framsýnni fyrirtækjum á Íslandi eru farin að skilgreina starfsemi sína út frá Heimsmarkmiðunum. Þessi félög hafa tekið upp viðmið um samfélagslega ábyrga starfsemi sem ætlað er að tengja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í þjóðfélagsumræðu gleymist oft þessi sterka áhersla fyrirtækja á samfélagsábyrgð. Þannig geta fyrirtækin haft jákvæð samfélagsáhrif um leið og viðskiptalegum árangri er náð. Þau skapa ný verðmæti til hagsbóta fyrir bæði sig og samfélagið. Þau koma sér upp gildum, ferlum og skipulagi fyrir betra samfélag og koma jafnframt í veg fyrir að starfsemi þeirra valdi skaða. Samfélagsleg ábyrgð er þannig aflgjafi og uppspretta nýrra tækifæra sem veitir fyrirtækjum innblástur og kraft til betri verka. Það eru stjörnur betri heims.

**Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er framkvæmdaáætlun fram til ársins 2030 í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar.**

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þess vegna**

**Það sköpuðust fjörugar umræður á samfélagsmiðlum í kjölfar galinna ummæla Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra á fundi með hópi háskólanema. Fór hann út í kynferðislegar samlíkingar í umræðum um reynslu af stjórnmálum samanborið við reynslu úr akademíu. Líf Magneudóttir, oddviti VG í borginni, spurði á Twitter í tengslum við atvikið: „Af hverju er hann ráðherra?“ Svarið er tvíþætt. Í fyrsta lagi fékk hann 8.100 atkvæði í öðru Reykjavíkurkjördæminu á sama tíma og Líf fékk 2.700 atkvæði í allri borginni. Og svo er það VG sem er með honum í ríkisstjórn. Þess vegna.**

**Stofnanir í eina sæng**

**Fréttablaðið hefur greint frá ólgu meðal starfsfólks Vinnumálaeftirlitsins. Ár er síðan Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir tók við sem forstjóri en áður hafði hún gegnt embætti skrifstofustjóra í velferðarráðuneytinu. Sú saga gengur víst fjöllum hærra innan Eftirlitsins að verkefni Hönnu Sigríðar sé að draga úr starfsemi stofnunarinnar og undirbúa sameiningu við aðra stofnun. Er bent á að enn hefur ekki verið endanlega skipað í forstjórastól Vinnumálastofnunar en Unnur Sverrisdóttir aðstoðarforstjóri var ráðin tímabundið í verkefnið í byrjun árs.**

**arib@frettabladid.is**
**bjornth@frettabladid.is**

# Afrekaskrá Vinstri grænna



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

- Ríkisstjórnin hyggst veikja Samkeppniseftirlitið á þann veg að eftirleiðis geti fyrirtæki metið sjálf hvort samkeppni milli þeirra sé næg…
- Samkeppniseftirlitið mun ekki fá að skjóta málum til dómstóla heldur munu fyrirtækin eiga síðasta orðið… (eins og þegar útgerðir láta eigin vigtun á afla gilda um það magn sem þær koma með að landi, ekki það sem hafnarvogin vigtaði. Nú vilja fleiri fyrirtæki fá að njóta sama sjálfdæmis.)
- Ríkisstjórnin hyggst lækka erfðafjárskatt…
- Ríkisstjórnin hyggst koma á fót þjóðarsjóði fyrir arðinn af auðlindum þjóðarinnar, en arðurinn af sjávarútvegsauðlindinni er ekki hafður með… (eins og ríkisstjórnin telji fiskimiðin ekki meðal eigna þjóðarinnar, sem henni beri að hafa neinn arð af.)
- Þjóðarsjóðinn á síðan að fela einkafyrirtækjum (á borð við Gamma) að ávaxta í stað Seðlabankans sem hefur boðist til að taka það að sér á svipaðan hátt og gert er í Noregi.

Þetta eru nokkur þeirra mála sem ríkisstjórn undir forystu Vinstri grænna hyggst berjast fyrir á Alþingi. Orkupakkanum hafa þau þegar náð í gegn, pakka sem þau hefðu verið algjörlega mótfallin ef þau hefðu ekki verið í ríkisstjórn.

Á hátíðarstundum í flokksstarfi Vinstri grænna eru hins vegar talin upp afrek þeirra í ríkisstjórnarsamstarfinu. Upptalning VG á árangri er í besta falli almennar yfirlýsingar um náttúruvernd og loftslagsmál og eingöngu í málaflokkum sem nær allir eru sammála um. Ætla má að málefnin sem talin eru upp hér í byrjun stríddu gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem VG segist standa fyrir í orði kveðnu a.m.k.

Við myndun ríkisstjórnarinnar greindi núverandi forseti ASÍ, sem er fyrrverandi framámaður í VG, frá því hvert hún teldi að yrði hlutskipti VG í ríkisstjórninni. Svo virðist sem forspá hennar sé nú þegar orðin að áhrínsorðum.

**Upptalning VG á árangri er í besta falli almennar yfirlýsingar um náttúruvernd og loftslagsmál og eingöngu í málaflokkum sem nær allir eru sammála um.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Breytt hlutverk bókasafnins



Barbara Guðnadóttir
safnstjóri Borgarbókasafnsins í Grófinni

Börn í dag munu eiga aðrar minningar um bókasafn bernsku sinnar en við sem komin erum yfir miðjan aldur. Á meðan við munum eftir sussandi bókavörðum, þéttum bókarekkum og lykt af gömlum bókum er bókasafn dagsins í dag ekki mjög hljóðlátt. Börn og fullorðnir koma enn á safnið til að lesa og fá lánað efni, en einnig til að hitta annað fólk, fá sér kaffibolla, skoða blöðin, hugsa, skapa, sækja fyrirlestra og menningu eða einfaldlega til að finna fyrir samfélagslegri nánd.

Bókasafnið er orðið samfélagsmiðja og athvarf og hefur hlutverk þess aldrei verið mikilvægara en nú á tímum hraðra breytinga, falsfrétta, tækniþróunar og aukinnar einangrunar og einmanaleika.

**Rými fyrir fólk til að vera og gera**

Undanfarið hafa víða um heim verið opnuð ný og glæsileg bókasöfn. Nýju söfnin bjóða upp á enn fjölbreyttari þjónustu og er þróunin spennandi og öðrum söfnum hvatning. Dokk1 bókasafnið í Árósum var opnað árið 2015. Við hönnun safnsins var unnið út frá „Design Thinking“, sem er notendamiðuð hönnun, en sama aðferðafræði er notuð við þróun á þjónustu Borgarbókasafnsins.

> **Reynslan hefur leitt í ljós að notendur safnanna eru hæstánægðir með þetta fyrirkomulag og gestatölur hækka jafnt og þétt samhliða lengri opnunartíma.**

Í „Design Thinking“ gegna notendur lykilhlutverki, hvort sem það er í þróun þjónustu eða innviða. Hlustað er á rödd notenda, skoðað hvað virkar og hvað ekki. Þarfir og óskir notenda eru margvíslegar þegar kemur að bókasafninu. Rýmið þarf að vera notalegt, þar þarf að vera hægt að komast í margvísleg gögn, þar þurfa að vera tölvur og tækni, aðstaða til að vinna saman, fræðast, miðla, taka frumkvæði, skapa, lesa og læra. Rýmið þarf að vera hvetjandi á sama tíma og þar þarf að vera möguleiki á að láta sér leiðast.

**Sjálfsþjónusta í skapandi rými**

Hvernig nýtast söfnin almenningi best? Í nágrannalöndum okkar eru mörg bókasöfn farin að bjóða upp á umframopnun, þ.e. opnun sem er umfram þann tíma sem starfsfólk er á staðnum. Reynslan hefur leitt í ljós að notendur safnanna eru hæstánægðir með þetta fyrirkomulag og gestatölur hækka jafnt og þétt samhliða lengri opnunartíma.

Borgarbókasafnið mun á næsta ári byrja að bjóða upp á umframopnun í einu safna sinna, en nú þegar er Borgarbókasafnið í Grófinni farið af stað með minniháttar útfærslu á umframopnun. Safnið er opnað nú klukkan ellefu um helgar, en fyrstu tvo klukkutímana verður færra starfsfólk en vant er. Notendur geta farið um allt safnið, fundið efni og fengið lánað, notið sín í barnadeildinni og í sögustundaherberginu, spilað, kíkt í blöðin og átt notalega stund. Hins vegar verður lagt upp með að fólk bjargi sér að mestu sjálft þar til fullmannað verður á safninu eftir klukkan 13.00.

Við hlökkum til að bjóða upp á rýmri opnun og höldum áfram að hlusta á óskir notenda og þróa bókasafnið með það að leiðarljósi að bæta líf fólks og gera samfélagið betra.

# Norðrið í brennidepli



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður Vinstri grænna

Ísinn á heimskautasvæðunum er stærsti og einn næmasti hitamælir veraldar. Við mennirnir kunnum að lesa á hann en bregðumst ekki við nægilega skjótt og örugglega. Engu að síður er tími til stefnu, nú þegar heimsmeðalhiti á ári hefur hækkað um eitt stig á nokkrum áratugum. Ég tek undir ákall þeirra sem vilja herða á aðgerðum, minnka losun kolefnisgasa og auka bindingu kolefnis. Ef okkur tekst ekki rétt og vel upp, stefnir í gríðarleg vandræði.

Hér og nú höfum við þó ekki náð neyðarástandi í þeirri merkingu sem það hugtak hefur í rekstri og viðbrögðum sveitarfélaga og ríkis. Fylgjumst með upplýsingum helstu alþjóðavísindastofnana og færum meginmarkmið samfélaga í loftslagsmálum framar í tíma.

Það er sérstakt umhugsunarefni, og mikil hvatning til aukins viðnáms, að hitafar á norðurslóðum hækkar tvöfalt hraðar en heimsmeðaltalið. Það endurspeglast í áhuga og umtali sem norðurslóðir vekja. Hefðbundið tal um tækifæri og ógnanir er áberandi. Rætt er um sjálfbæra atvinnuvegi á þessum slóðum. Það samrýmist ekki öllum náttúrunytjum en getur gert það í sumum greinum. Dýra- og skógarnytjar geta verið sjálfbærar. Ferðaþjónusta getur nálgast það. Flutningsleiðir kunna að opnast og geta þrifist vegna orkuskipta í skipaflutningum. En jarðefnagröftur og gas- eða olíuvinnsla geta aldrei talist sjálfbær iðja.

Líklegt er að samfélög í norðri nýti óendurnýjanlegar auðlindir í einhverjum mæli en það verður að koma í veg fyrir, með alþjóðlegu átaki, að málmnámur, olíu- og gaslindir og jarðefnaútflutningur verði alfa og ómega norðursins. Slíkt færist í vöxt. Kínversk, rússnesk, bandarísk, kanadísk, norsk og áströlsk fyrirtæki eru þar fremst í flokki. Endurómur af stefnunni heyrist á fjölþjóðafundum, hjá stjórnvöldum stórvelda og heimastjórnum landsvæða sem sjá sér auðveldari leið en ella til sjálfstæðis.

Ábyrgð á nýtingu og vernd norðurslóða er hvílir svo á ríkjunum Norðurskautsráðsins en einnig á alþjóðasamfélaginu og þar með á báða bóga. Sérréttindi landa samkvæmt alþjóðalögum, t.d. nytjaréttur innan efnahagslögsögu, mega ekki vera skilyrðislaus vörn fyrir ósjálfbærum nytjum.

Óleysanleg mótsögn felst í því að ætla að nýta helstu auðlindir norðursins með gríðarlegu kolefnisspori en vilja vinna um leið gegn umhverfisbreytingum sem sömu nytjar valda. Enda alkunna að ekki má nýta nema um þriðjung þekktra birgða í jörðu af kolum, olíu og gasi, ef sæmilega vel á að fara.



# Stefnir hærra í klifrinu í framtíðinni

**Íslenskir keppendur sem tóku þátt á Norðurlandamótinu í klifri í lok október stóðu sig með stakri prýði. Kjartan Jónsson keppti á mótinu eftir langa fjarveru. Hann segir árangur sinn sem og annarra Íslendinga á þessu móti hafa komið skemmtilega á óvart.**

**KLIFUR** Kjartan Jónsson hafnaði á dögunum í áttunda sæti á Norðurlandamótinu í klifri sem fram fór við glæsilegar aðstæður í Helsinki í Finnlandi. Þetta er besti árangur íslensks klifurkarls í fullorðinsflokki á Norðurlandamóti en Kjartan segir íþróttina ört vaxandi bæði hér heima og erlendis.

„Þetta er í fyrsta skipti í sjö ár sem ég tek þátt í Norðurlandamóti og ég var ekki búinn að undirbúa mig eins og best verður á kosið fyrir keppnina. Þá eru aðstæður þarna úti allt öðruvísi en við æfum við hér heima. Af þeim sökum er ég mjög sáttur við árangurinn og enn fremur var gaman að sjá hvað íslensku keppendurnir stóðu sig vel á mótinu. Við bjuggumst við því að við værum lengra frá kollegum okkar á Norðurlöndunum en það er mjög ánægjulegt að sjá að munurinn er ekki mikill,“ segir Kjartan í samtali við Fréttablaðið.

„Sem dæmi um gróskuna hér heima þá eru komin þrjú félög, það er Klifurfélag Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akraness. Þá fer fjöldinn á þeim mótum sem staðið er fyrir hér heima ört vaxandi. Svo er klifur orðið viðurkennd grein á Ólympíuleikum og keppt verður í klifri í Tókýó næsta sumar. Íslenskir klifrarar geta ekki tekið þátt þar sem árangur á heimsmeistaramótum skila þér þangað og þar erum við ekki enn gjaldgeng,“ segir hann enn fremur.

### Komumst vonandi inn á stóru mótin fljótlega

„Sökum þess að það eru ekki nógu mörg klifurfélög starfandi hér heima höfum við ekki hlotið þátttökurétt á Evrópumótum og heimsmeistaramótum. Það stendur hins vegar til bóta og vonandi verður það komið í réttan farveg þegar Ólympíuleikarnir verða haldnir árið 2025. Það má allavega alveg láta sig dreyma um að vera með þar. Fyrst er hins vegar að sjá til þess að við getum verið með á Evrópu- og heimsmeistaramótum,“ segir þessi öflugi klifurkappi.




Kjartan Ólafsson er hér að klifra á Norðurlandamótinu í Helsinki en hann hafnaði í áttunda sæti á mótinu. MYND/SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

> Klifur er orðin viðurkennd grein á Ólympíuleikum og keppt verður í klifri í Tókýó næsta sumar. Það má láta sig dreyma um að keppa á leikunum árið 2025.

„Aðstaðan hér heima er ekki eins góð og gengur og gerist á Norðurlöndunum og þetta er enn svolítið mikil jaðaríþrótt hér heima. Mér finnst hins vegar vera jákvæðari stemming fyrir óskum okkar um betri aðstöðu og ég er bjartsýnn á að við munum fara úr þeim húsakynnum sem við æfum í núna í stærri og veglegri aðstöðu í náinni framtíð,“ segir hann um framtíð íþróttarinnar.

„Hvað mig sjálfan varðar þá eru næstu skref bara stífar æfingar og svo að skoða mig um hvað opin mót á Norðurlöndunum varðar til þess að fara út og keppa. Ég hef ekki náð að leggja mikla stund á klifrið síðustu árin en ég sé fram á að geta varið meira tíma í Klifurhúsinu á næstu mánuðum en ég hef gert síðustu árin. Það var nú reyndar svo að þegar ég byrjaði að æfa eitthvað um 12 ára gamall og á unglingsárunum þá voru foreldrar mínir að hugsa um að flytja lögheimilið mitt í Klifurhúsið. Það verður kannski ekki alveg þannig núna en þessi árangur á Norðurlandamótinu hvatti mig til þess að leggja hart að mér í æfingum og halda áfram að reyna mig á erlendum vettvangi. Draumurinn er að keppa meira á erlendum vettvangi á næstu árum,“ segir Kjartan um framhaldið hjá sér.

hjorvaro@frettabladid.is

# Nálgast það óðfluga að setja félagsmet hjá Velje

**FÓTBOLTI** Framherjinn Kjartan Henry Finnbogason er markahæsti leikmaður í dönsku B-deildarinnar í knattspyrnu karla en mark hans í 4-0 sigri gegn Fremad Amager í 15. umferð deildarinnar var það 11. í deildinni á yfirstandandi leiktíð.

Vejle sem féll úr efstu deild í vor trónir á toppi deildarinnar með 31 stig en liðið hefur eins stigs forskot á Viborg sem er sæti neðar. Kjartan Henry kom í herbúðir Vejle í byrjun ársins frá ungverska liðinu Ferencvaros en þegar hann kom var liðið í neðsta sæti efstu deildarinnar og féll um vorið.

Kjartan sem er markahæsti Íslendingurinn í sögu úrvalsdeildarinnar í Danmörku hefur skorað 16 mörk fyrir Vejle á þessu ári en hann þarf að skora tvö mörk til þess að bæta met félagsins yfir markafjölda á einu almanaksári. Pablo Piñones-Arce sem á metið eins og sakir standa skoraði 18 mörk árið 2007.

„Mér hefur liðið mjög vel hjá Vejle og okkur fjölskyldunni líður mjög vel á danskri grundu. Þegar ég var fenginn til félagsins á sínum tíma var liðið í vondri stöðu. Mér hafði áður tekist að bjarga liði frá falli þegar ég tryggði Horsens veru í efstu deild. Það tókst hins vegar því miður ekki að þessu sinni en þrátt fyrir það var aldrei spurning þegar þeir buðu mér að framlengja samning minn við félagið um tvö ár,“ segir Kjartan Henry í samtali við Fréttablaðið.



Kjartan Henry Finnbogason hefur staðið sig vel með Vejle. MYND/VEJLE

„Aðstæður og umgjörð hjá félaginu er í úrvalsdeildarklassa og það mæta til dæmis tvöfalt fleiri á leiki hjá okkur en hjá Horsens meðan ég var þar. Það var lítið sem ekkert skorið niður þrátt fyrir að við færum niður um deild og markmiðið að fara beint upp aftur.

Mér leist vel á það og þá kunni ég vel við þjálfarann sem er Rúmeninn Constantin Galca sem hefur meðal annars gert góða hluti hjá Espanyol,“ segir hann enn fremur.

„Vejle er með lið í þessari deild sem allir vilja vinna og það er umhverfi sem ég þekki vel og þrífst vel í. Það fer bara eitt lið upp úr B-deildinni að þessu sinni þar sem það er verið að fækka liðum í efstu deild.

> Vejle er með lið í þessari deild sem allir vilja vinna og það er umhverfi sem ég þekki vel og þrífst vel í.

Þess vegna þarf að vinna deildina til þess að fara upp sem verður erfitt en er klárlega markmiðið,“ segir Kjartan um framhaldið hjá liðinu.

Kjartan Henry hefur tvo leiki til þess að jafna fyrrgreint félagsmet en þrír leikir eru eftir á árinu. Hann mun ekki leika með liðinu í næsta leik liðsins á fimmtudagskvöldið þar sem hann er staddur hér á landi til að vera viðstaddur jarðarför bróður síns sem féll frá með sviplegum hætti á dögunum. – hó

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER 2019



Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir segir að eftir að hún byrjaði að nota Adapt Life hafi minnið batnað til muna og að hún hafi meiri orku en áður. MYND/REGÍNA SIF

# Aukin einbeiting og orka í leik og starfi

Adapt fæðubótarefnin eru hönnuð til að auka orku og hjálpa fólki að höndla streitu. Þau hafa hjálpað Kolbrúnu Fjólu Arnarsdóttur, menntaskólakennara og líkamsræktarþjálfara, að ná orku og einbeitingu eftir væga kulnun. →2



Adapt Life og Adapt Sport eru fæðubótarefni sem eiga að hjálpa fólki að höndla andlegt álag, ná upp orku og vinna gegn streitu á hraðvirkan hátt. Adapt hentar bæði til að bæta árangur í daglegu lífi og íþróttum.

Adapt Life hentar vel fyrir daglegt líf og er sérstaklega hannað til að auka orku, bæta einbeitingu, draga úr þreytu og auka þol gegn streitu. Adapt Sport er hentugt fyrir íþróttafólk, en það er hannað til að hjálpa fólki að ná hámarks árangri á náttúrulega hátt, gefur hámarks orku og aukið úthald, ásamt því að flýta fyrir endurheimt. Fólk finnur muninn fljótlega eftir inntöku og Adapt Sport virkar sífellt betur ef það er tekið yfir lengri tíma.

## Sérhæfðar blöndur

Adapt Life og Adapt Sport byggja á sérhæfðum blöndum sem innihalda adaptogen jurtirnar; burnirót, schisandra, síberíuginseng og B-vítamín. Klínískar rannsóknir benda sterklega til að þessar einstöku blöndur geti hjálpað líkamanum við að auka orku, bæta árangur og auka afköst í starfi, leik og íþróttum.

Adaptogen jurtir hafa ýmsa eiginleika, eins og að auka líkamlega og andlega orku og þrek, vinna til dæmis gegn áhrifum svefnleysis, vernda heila og taugakerfi (sem meðal annars bætir minni og skynjun), draga úr kvíða og streitu og vernda gegn tilteknum tegundum sindurefna.

Á meðan orkudrykkir og kaffi gefa tímabundna orku eru áhrifin af adaptogenum jafnari og þau auka árangur og vara lengur.

## Rétt hormónajafnvægi

Það er mikilvægt að stresshormónið kortisól sé í jafnvægi. Rannsóknir benda til að Adapt hjálpi til við að viðhalda þessu jafnvægi, minnki streitu og stuðli þar með að betri svefni og minni þreytu. Langtíma ójafnvægi eða of mikið magn af kortisóli í blóði er ekki gott fyrir líkamann og getur valdið þreytu, dregið úr vöðvamassa, aukið matarlyst og dregið úr kynlöngun.

Sömu rannsóknir skjóta stoðum undir að Adapt stilli af rétt hlutföll af kortisóli og testósteróni sem er mikilvægt í öllum íþróttum. Með því að hafa jafnvægi á kortisóli og testósteróni næst betri hvíld, endurheimt verður betri og æfingar skila meiri árangri. Adapt Sport er prófað og notað af afreksfólki í íþróttum.

## Hjálpaði mér að ná upp orku og einbeitingu á ný

Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir er 38 ára íþrótta- og heilsufræðingur og tveggja barna móðir. Hún kennir lýðheilsutengdar greinar við Menntaskólann á Ísafirði og vaknar klukkan hálf sex á morgnana til að kenna líkamsrækt, en hún hefur þjálfað síðan árið 2002. Þar fyrir utan starfar hún sem leiðsögumaður á sumrin, kennir skyndihjálp af og til og á fimm vikna fresti er hún með vaktsíma fyrir öryggishnapp aldraðra allan sólarhringinn, viku í senn.

Kolbrún fékk væga kulnun vegna vinnu í fyrravor, en hefur náð góðum bata. Kolbrún sá auglýsingu fyrir Adapt Life þar sem kom fram að það gæti hjálpað fólki að höndla streitu og álag og segir að það hafi kallað á hana.

„Eftir að hafa verið að vinna alltof mikið alltof lengi þá var ég orðin líkamlega og andlega orkulaus. Ég átti í raun ekkert eftir til að gefa af mér þegar heim var komið,“ segir hún. „Eitt af því sem dró mig að Adapt Life var að þetta á að auka einbeitinguna og losa mann við minnislekann, sem hentar mér mjög vel vegna þess að ég er með ADHD en vil ekki vera á lyfjum vegna þess.

Ég var alltaf þreytt og hausinn var ekki alveg að virka. Mér fannst ég þurfa að taka til í höfðinu á mér,“ segir Kolbrún. „Ég er búin að taka þessa vöru í nokkrar vikur núna og ég er strax farin að finna mun, fyrst og fremst það að ég er með betri yfirsýn yfir hlutina núna og minnislekinn gerir ekki eins oft vart við sig. Í raun er ég að nýta sjálfa mig betur.“

Kolbrún segist ekki hafa fundið mun strax en að hún finni hann koma hægt og rólega. Eftir nokkra daga tók hún eftir því að hún hefði verið orkumeiri og orkan hefði verið jafnari.

„Fyrstu dagana var ég alltaf á iði, eins og alltaf, og reyndi eins og svo oft áður að stytta mér leið þegar kom að kvöldmatnum, en núna nenni ég að hafa meira fyrir honum,“ segir Kolbrún. „Ég veit ekki hvort það er út af aukinni orku eða betra jafnvægi í huganum. Almennt séð finnst mér ég vera með jafnari orku, jafnvel þó að ég sé oft að gera hluti sem reyna á á ólíkan hátt á milli daga.

Eftir að hafa keyrt sig í kaf eins og ég gerði tekur langan tíma að ná sér. Stundum koma góðir dagar og þá er hætta á að maður klári orkuna því maður fer of geyst af stað, en Adapt Life hjálpar mér að vera rólegri og stöðugri,“ segir Kolbrún. „En það besta við þetta er klárlega yfirsýnin sem mér finnst ég hafa fengið. Það er líka frábært að nenna núna að nota heilann og orkuna í alla þessa litlu hluti í lífinu sem maður á að gera en gerir oft ekki.

> **„Ég er búin að taka þessa vöru í nokkrar vikur núna og ég er strax farin að finna mun, fyrst og fremst það að ég er með betri yfirsýn yfir hlutina núna og minnislekinn gerir ekki eins oft vart við sig.**

Auðvitað er þetta engin töfralausn og þetta virkar mismunandi á fólk,“ segir Kolbrún. „Fyrstu dagana fannst mér ég líka verða rosalega þreytt þegar minnislekinn var að stoppa. Það var eins og heilinn væri að vinna úr hlutunum og skipuleggja þá betur og um leið nota meiri orku. En þetta náði fljótlega jafnvægi.

Það er frábært að fá jafnvægi á kortisólið og Adapt Life hefur hjálpað mér að læra að slaka á,“ segir Kolbrún. „Allan daginn er maður að gefa af sér og reyna sitt besta, en það er betra að eiga eitthvað eftir þegar heim er komið.“

Adapt Life og Adapt Sport fæst í lyfjaverslunum um land allt.




Adapt Life er er hannað til að bæta einbeitingu, gefa orku, draga úr þreytu og auka þol gegn streitu.




Adapt Sport er hentugt fyrir íþróttafólk og er hannað til að hjálpa fólki að ná hámarks árangri á náttúrulegan hátt, gefa hámarks orku og aukið úthald, ásamt því að flýta fyrir endurheimt.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** Torg ehf **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

FRÉTTABLAÐIÐ
# Bílar
ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER 2019

**Reynsluakstur Mercedes-Benz EQC**



8

**Ný íslensk bílabók**




2



# Biðin eftir fyrsta rafbíl Porsche á enda

Porsche Taycan er fyrsti rafmagnsbíll Porsche og hefur verið í þróun í fimm ár. Taycan er í senn fjögurra sæta fjölskyldubíll og sportbíll sem kemst í 100 km hraða á svo litlu sem 2,8 sekúndum. →6



# Opna nýtt Honda umboð á Fosshálsi

**Honda umboðið hefur flutt sig um set og verður opnað með pompi og prakt á Fosshálsi 1 þann 8. nóvember**

Honda umboðið hefur flutt sig um set og verður opnað með pompi og prakt á Fosshálsi 1 þann 8. nóvember. Merkið er nú komið í hendur nýrra aðila en Askja bílaumboð hefur nú tryggt sér sölu á vörum frá Honda á Íslandi, eftir samninga við Honda í Evrópu. „Þetta er búinn að vera langur aðdragandi og við gengum frá samningi við Bernhard í mars,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, í samtali við Bílablað Fréttablaðsins.

„Við höfðum verið í samræðum í meira en tvö ár um að Askja tæki við Honda umboðinu. Í júní fengum við samþykki Samkeppniseftirlitsins, og samhliða því vorum við að semja við Honda erlendis sem lauk með því að þeir samþykktu okkur formlega sem söluaðila sína á Íslandi í september.“



Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, við hinn vinsæla Honda CRV. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Horfa langt fram á veginn

Jón Trausti segist horfa langt fram á veginn með Honda-merkið á Íslandi. „Við erum að horfa til áratuga sambands en Bernhard hafði verið söluaðili Honda á Íslandi í meira en fimm áratugi. Við viljum vanda umgjörðina og erum líka að taka við mikilli reynslu frá Bernhard. Þaðan koma 15 starfsmenn, frá sölu- og þjónustudeild Bernhard,“ segir Jón Trausti.


Forseti Honda, Takahiro Hachigo, kynnir Honda E á bílasýningu í Tokyo.

Honda er sjöundi stærsti bílaframleiðandi heims og selur fimm milljónir bíla á ári. „Þeir eru annar stærsti bílaframleiðandi Japans, öflugt og vel rekið fyrirtæki sem hefur alltaf skilað hagnaði. Þeir leggja mikið í verkfræðilega hönnun og smíða góða vöru. Þeir hafa nú tekið þá stefnu fyrir Evrópumarkað að vera eitt af þeim fyrirtækjum sem eru í fararbroddi varðandi rafbílavæðingu,“ segir Jón Trausti enn fremur.

„Á næstu 36 mánuðum koma sex nýir bílar sem eru ýmist 100% rafvæddir eða tvinnbílar.

> **Við viljum vanda umgjörðina og erum líka að taka við mikilli reynslu frá Bernhard. Þaðan koma 15 starfsmenn, frá sölu- og þjónustudeild Bernhard.**

Fyrsti bíllinn var Honda CRV sem kynntur var síðastliðið haust en hann hefur fengið frábæra dóma. Hann er fjórði hæsti sölubíll landsins. Svo kemur nýr Jazz sem var kynntur á bílasýningunni í Tókýó. Hann verður bara fáanlegur sem tvinnbíll í Evrópu og kemur í tveimur útfærslum, annars vegar sem smábíll og svo framdrifinn borgarjepplingur sem er með 3 sm meiri veghæð.“

Að sögn Jóns Trausta koma bílarnir hingað næsta vor, en næsta haust kemur svo Honda E sem er hreinn rafbíll. „Askja hefur tryggt sér eintök í sölu og verður meðal þeirra fyrstu til að selja hann í Evrópu. Forsala á honum hefst strax í janúar.“

Loks segir Jón Trausti að Askja sé einnig í samningum við Honda varðandi sölu á mótorhjólum en Honda er stærsti framleiðandi mótorhjóla í heiminum. Mótorhjólin munu bætast við söluna seinna á árinu.



# Maximus er 1000 hestafla orkubúnt

Bílabreytingafyrirtækið Hennessay ætlar að frumsýna nýja útgáfu Jeep Gladiator á SEMA-bílasýningunni í Las Vegas í vikunni. Það dugir ekkert minna nafn en Maximus fyrir jeppann því að ofan í vélarsalinn er kominn 6,2 lítra Hellcat-vél sem skilar 1.000 hestöflum. Ekki nóg með það heldur er togið hrikalegt líka eða 1.265 newtonmetrar. Með átta þrepa sjálfskiptingu á þetta goðumlíka farartæki að ná 100 km hraða á aðeins 3,9 sekúndum sem gerir hann að öflugasta pallbíl sem við höfum séð. Undir bílinn fer svo fjöðrunarkerfi frá King sem hækkar bílinn um sex tommur. Til að tryggja að ekkert snúist í sundur eru Dana 60 hásingar að framan og aftan. Bíllinn verður aðeins framleiddur í 24 eintökum og mun kosta 28.000.000 kr. í Bandaríkjunum.

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
NjallGunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

# Ný bílabók um kraftabíla

Út er komin hjá Forlaginu bílabókin Kraftabílar eftir Örn Sigurðsson. Eins og nafnið ber með sér er umfjöllunarefnið kraftmiklir bílar frá árinu 1964–1974, svokallaðir „muscle cars“ en á þessum árum stóð einmitt stríðið um hestöflin milli amerísku framleiðendanna. Tímabilinu lauk með bensínkreppunni tíu árum síðar sem hafði mikil áhrif á ameríska bílaframleiðslu.

Farið er yfir tímabilið og helstu kraftabíla merkja eins og General Motors, Ford, Chrysler og American Motors skoðaðir. Hver kannast ekki við nöfn eins og Mustang, Trans Am, Camaro, Firebird eða Challanger? Yfir 500 ljósmyndir eru í bókinni og loks er sérstakur kafli helgaður íslenskum köggum.





Áskorandinn frá Chrysler, Dodge Challenger, kom ekki á markað fyrr en árið 1970, en hann var svar Chrysler-fyrirtækisins við Mustanginum, Camaróinum og Firebirdinum.


Þegar Mach 1-bíllinn rann af færibandinu hjá Ford árið 1969 hafði Mustanginn öðlast sitt vígalegasta útlit.


Pontiac Firebird leit dagsins ljós í ársbyrjun 1967, en hann er með 400 kúbika (6,6 lítra) V8-vél sem afkastar 340 hestöflum, en þau skila bílnum upp í hundraðið á 5,5 sekúndum og kvartmíluna á 14,2 sekúndum.


FULLKOMIN TÆKNI ER SANNGJÖRN KRAFA
ハイブリッド
HYBRID
Nýjasta tækni skapar ökumanni og farþegum umhverfi sem er í senn opið, frjálst og einstaklega öruggt. Sjálfhlaðandi Lexus UX færir þér akstur án takmarkana.
Þráðlaus japönsk tækni.
UX 250h SNJALLJEPPI — FRÁ 6.850.000 KR
LEXUS UX
Lexus-Ísland
Kauptúni 6, Garðabæ – lexus.is
LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Ívilnanir tengiltvinnbíla falla niður

**Lagt er til í nýju frumvarpi að virðisaukaskattsívilnun fyrir tengiltvinnbíla falli niður eftir 31. desember 2020.**

Í nýju frumvarpi um breytingar á lögum um virðisaukaskatt er verulega aukið við fjárfestingu og innviði vegna rafvæðingar í samgöngum, en bæði er verið að horfa til þess að viðhalda ívilnunum sem hafa verið fyrir rafbíla og aðra vistvæna bíla en einnig að koma nýjum ívilnunum á vegna almenningsvagna, fyrir þyngri ökutæki og vegna kaupa og útleigu á ökutækjum í atvinnuskyni. Með þessum drögum er verið að leggja línurnar til loka ársins 2023 sem er mjög jákvætt því síðastliðin ár hafa breytingar verið gerðar á hverju ári.

Mikil aukning hefur orðið í nýskráningu nýorkubifreiða og sér í lagi á ökutækjum úr hópi tengiltvinnbifreiða sem njóta skattaívilnana sökum þess hve vel þær henta fyrir dreifbýlt land eins og Ísland. Fyrir hvern flokk, rafbíla, tengiltvinnbíla og vetnisbíla, var hámark 10.000 ökutæki, en sala tengiltvinnbíla er komin vel yfir 8.000 ökutæki í dag. Bílgreinasambandið hefur bent á að bregðast þurfi við fjöldatakmörkunum sem settar voru fyrir hvern ökutækjaflokk fyrir sig.



**Líkt og á Íslandi eru skattaívilnanir á rafbíla í Noregi. Þar er rafbíllinn Audi e-tron mest seldi bíllinn í október með 8,3% markaðshlutdeild. Samtals voru hreinir rafbílar 35,7% seldra bíla í Noregi í síðastliðnum mánuð..**

### Áhyggjur bílgreinarinnar vegna tengiltvinnbíla

Í drögunum er lagt til að takmörkun á fjölda rafbíla og vetnisbíla verði 15.000 ökutæki og virðisaukaívilnun framlengist til 31. desember 2023. Á sama tíma er lagt til að takmörk á fjölda tengiltvinnbíla verði aðeins 12.500 ökutæki og að virðisaukaskattsívilnun fyrir þá falli niður eftir 31. desember 2020.

„Í tillögunni segir að slíkar bifreiðar eigi að vera orðnar samkeppnishæfar í verði á þessum tíma og þurfi því ekki ívilnanir til lengri tíma en til loka ársins 2020. Þetta er ekki rétt því þessar bifreiðar eru enn dýrari í innkaupum og líklegt að svo verði áfram því mikil þróun er enn á tækni tengiltvinnbíla þar sem m.a. drægni á hreinu rafmagni er að aukast. Bílgreinasambandið telur því ráðlegra að ívilnanir tengiltvinnbíla verði áfram til staðar. Í þessu samhengi er rétt að nefna að íbúar landsbyggðarinnar eiga oft erfiðara með að kaupa sér hreina rafbíla þar sem drægni er enn ekki nægjanleg,“ segir María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins.


**María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri BGS.**

### Stefnir í meiri samdrátt í sölu tengiltvinnbíla

Í október 2018 ákvað breska ríkisstjórnin að fella niður ívilnanir á tengiltvinnbíla í Bretlandi. Ef við berum saman sölu tengiltvinnbíla í Bretlandi fyrstu sex mánuði ársins 2018 við fyrstu sex mánuði ársins í ár má sjá samdrátt í sölu tengiltvinnbíla upp á 31% á meðan samdráttur í meðalsölu í löndum innan Evrópusambandsins var einungis upp á 6,9%. Norðmenn hófu að draga úr ívilnunum tengiltvinnbíla ári áður en Bretar. Á milli áranna 2016-2017 jókst sala tengiltvinnbíla um 62,2% í Noregi en eftir breytingar á ívilnunum dróst sala á milli áranna 2017 og 2018 um 9,2%.

„Þrátt fyrir að sala nýorkubíla gangi vel fyrir sig hér á Íslandi þá eru einungis 5,5% skráðra fólksbíla nýorkubílar samanborið við 15,4% skráðra fólksbíla í Noregi. Því þurfa stjórnvöld að stíga varlega til jarðar í að afnema ívilnanir sem þessar til að tryggja áframhaldandi jákvæða sölu tengiltvinnbíla og verja að við lendum í sambærilegum samdrætti í sölu og Noregur og Bretland,“ segir María.

### Fleiri geta nýtt sér ívilnanir

Aðrar jákvæðar tillögur er að finna í drögunum. Fleiri aðilar munu geta nýtt sér ívilnanir á ökutækjum t.d. með niðurfellingu á virðisaukaskatti. Útleiga á rafmagns- og tengiltvinnbifreiðum hefur verið afar takmörkuð og eru í drögunum tillögur til að hvetja ökutækjaleigur og fjármögnunarleigur til að fjölga nýorkubílum í flotum sínum til útleigu. „Ferðaþjónusta hér á landi hefur mikil áhrif á þróun markaðar fyrir bifreiðar og er þáttur hennar því mikill þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum. Sem dæmi er sala til bílaleiga um 40% af heildarsölu hvers árs. Því er afar mikilvægt að liðka fyrir sölu á nýorkubílum til þeirra. Á sama tíma er fyrirsjáanleiki í rekstri það sem skiptir fyrirtæki í landinu einna mestu máli og með þessum drögum er verið að leggja línurnar til loka ársins 2023 sem er afar jákvætt,“ segir María að lokum.






EQC er 100% rafmagnaður sportjeppi frá Mercedes-Benz. Hann er kraftmikill, með allt að 417 km drægi og búinn hinu einstaka 4MATIC fjórhjóladrifi sem hentar vel fyrir íslenskar aðstæður. Hann hefur einnig hið margrómaða MBUX margmiðlunarkerfi, stórt stafrænt mælaborð og býr yfir allra nýjustu öryggis- og aksturskerfum frá Mercedes-Benz.

EQ

Verð frá 9.290.000 kr.

Komdu og reynsluaktu nýjum EQC. Við tökum vel á móti þér.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram

KOSTIR OG GALLAR
**PORSCHE TAYCAN**

- **RAFMÓTORAR: 762 HESTÖFL**
- **DRÆGNI: 430 KM**

**Eyðsla frá:** 0,0 l./100 km í bl. akstri
**Mengun:** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 2,8 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 260 km/klst.
**Verð frá:** Ekki vitað
**Umboð:** Bílabúð Benna

- Útlit
- Fádæma aksturs-geta og afl
- Búnaður

- Lítið skottrými

# Framtíðin er mætt

## Með Porsche Taycan er kominn hæfasti og skemmtilegasti rafmagnsbíll sem greinarritari hefur prófað.



Reynsluakstur
Finnur Thorlacius

Porsche Taycan er fyrsti rafmagnsbíll Porsche og hefur verið í þróun í 5 ár. Með honum er kominn hæfasti og skemmtilegasti rafmagnsbíll sem greinarritari hefur prófað. Taycan er í senn fjögurra sæta fjölskyldubíll og sportbíll sem kemst í 100 km hraða á svo litlu sem 2,8 sekúndum.

Líklega er umtalaðasti bíll ársins á meðal bílaáhugamanna Porsche Taycan enda er hér um að ræða fyrsta hreinræktaða rafmagnsbílinn úr smiðju þessa magnaða sportbílaframleiðanda. Hans hefur verið beðið lengi og mikið um hann fjallað á undanförnum misserum. Það var því alls ekkert leiðinlegt að njóta þeirra forréttinda að prófa gripinn svo til á undan öllum í heiminum og fyrir vikið spennan næstum óbærileg.

Bílnum var ekið í Þýskalandi og Austurríki og það sem hluta af gríðarmiklum níu landa akstri bílablaðamanna frá Ósló í Noregi til höfuðstöðva Porsche í Stuttgart. Hver blaðamaður ók í tvo daga. Íslenska „sendinefndin“ taldi fjóra ökumenn og hófst akstur okkar á sveitahóteli í nágrenni Innsbruck.

Fegurðin sem við okkur blasti þar sem bílunum var raðað upp rennur líklega seint úr minni. Ekki skemmdi fyrir hve flotta liti Porsche hafði valið á þessa reynsluakstursbíla og augun voru ekki lengi að finna uppáhaldslitinn, „Mambagrænan“. Porsche hefur sjaldnast teiknað ófríða bíla en hugsanlega er þessi sá allra fallegasti úr þeirra smiðju, sportlegur eins og þeir allir, en með eitthvað svo ómótstæðilega flott hlutföll og línur. Ekki var mikil ástæða til að tefja brottför okkar þennan daginn, enda mikill akstur fram undan, en á þessum tveimur dögum voru alls eknir um 600 kílómetrar.

### Verkfræðileg fullkomnun

Fyrstu kynnin af Porsche Taycan þennan eftirminnilega dag er í senn lýst með orðunum fegurð, mýkt, virðuleika, fimi, íburður og ef til vill verkfræðileg fullkomnun. Allt er svo áreynslulaust við akstur bílsins og hann verður strax sem framlenging af puttum og heilabúi ökumanns.

Snilldin felst í endalausri aksturshæfni bílsins, frábæru umhverfi sem ökumanni er sniðið, tækni og upplýsingagjöf sem nýtist, lágum þyngdarpunkti bílsins og fleiri verkfræðiundrum sem þeir hjá Porsche virðast færastir um allra bílaframleiðenda.

Fyrst fer þó að færast fjör í leikinn þegar inngjafarfóturinn fór að þyngjast og aðstaða var til þess að reyna bílinn til hins ítrasta. Það er í raun vart hægt að lýsa því með orðum hvernig það er að gefa þessu orkutrölli í botn. Þegar 762 hestöfl eru til taks frá fyrstu nanósekúndu er eins gott að vera búinn áður að leggja höfuðið að höfuðpúðanum því engin leið er að „halda haus“ við átökin að öðrum kosti.

### Hrikalega snöggur

Porsche hefur búið Taycan með „launch control“-búnaði þar sem ökumaður stendur á bremsunni með vinstri og inngjöfinni með hægri. Síðan er inngjöfin sett í botn í skamma stund og bremsunni sleppt. Þá er fjandinn og bróðir hans líka laus og eins gott að halda vel í stýrið. Það tekur Porche Taycan Turbo S nefnilega ekki nema 2,8 sekúndur að ná 100 km hraða og slíkan bíl höfðum við til afnota annan prufudaginn.



Á tveimur dögum ók íslenska sendinefndin um 600 kílómetra. Baksvipurinn var því algengt útsýni af þessum bíl.



Mælaborðið er framúrstefnulegt með fjórum skjáum.

**» Þegar inngjöfin er sett í botn í skamma stund og bremsunni sleppt, þá er fjandinn laus og bróðir hans líka og eins gott að halda vel í stýrið.**

Hinn daginn var það Turbo, án S, og er hann sko enginn letingi heldur. Porsche státar sig eðlilega af því að engu máli skiptir hve oft bílnum er spyrnt, snerpa hans minnkar ekkert, öndvert við margan annan rafmagnsbílinn, svo sem frá Tesla. Við tókum til dæmis a.m.k. 10 spretti í röð á miðjum akstursdegi og aldrei minnkaði aflið og það sem meira er, kílómetrunum sem við áttum eftir á hleðslunni fækkaði óvenju lítið.

Þegar kemur að hámarkshraða Taycan kemur ekki á óvart með





**Flugvellir 20**

**Nýtt þjónustu- / iðnaðarhúsnæði nálægt Leifsstöð. (3ja mínútna akstur)**

**413,7 m² eining**
**276,3 m² eining**

**Eða selt saman sem eitt húsnæði samtals 690m². Stór lóð! Tilbúið til afhendingar, fullbúið að utan og tilbúið til innréttingar að innan með rafmagns- og hitalögnum.**

Upplýsingar: Baldur s. 660 6470

Fasteignasalan GARÐUR 562-1200

*Halldór Freyr Sveinbjörnsson löggiltur fasteignasali Sími: 693-2916 halldor@fastgardur.is*



MICKEY THOMPSON M/T
TIRES & WHEELS
The BOSS is here!
BAJA BOSS - nýtt grófmynstrað jeppadekk frá Mickey Thompson
Til að byrja með fáanlegt í:
37X12.50R17
40X13.50R17
Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# BÍLAR



Aksturinn hófst á sveitahóteli í nágrenni Innsbruck.

bíl frá Porsche að hann sé í hærri kantinum. Svo öflugur er þessi bíll með sínar 93,4 kWh rafhlöður og gríðaröfluga rafmagnsmótora að hámarkshraðinn er rafrænt takmarkaður við 260 km/klst. Engu að síður náðum við á þýskri hraðbraut, með ótakmarkaðan hámarkshraða, að koma bílnum í 267 km hraða. Þá var gaman en sumir farþegar í bílnum þó ansi hræddir. Engin ástæða var þó til þess, bíllinn virtist fær um miklu meiri hraða og var afar stöðugur á vegi.

### Fjölskyldubíll og sportari

Innanrými Taycan er Porsche, sem við mátti búast, til mikils hróss. Mjög framúrstefnulegt mælaborð og alls fjórir skjáir og svo til allt stafrænt og fáir takkar. Sætin fram í frábær og plássið aftur í mjög gott og vel fer um farþega þar. Þetta er því fjölskyldubíll auk þess að vera sportbíll með hæsta skemmtanagildi sem hugsast getur.

Hönnun, efnisval og smíði er á þann veg að erfitt er að hugsa sér að gera megi betur. Bíllinn er þó ekki löðrandi af íburði heldur líklega naumhyggja höfð í huga og hönnuðir fremur haft sportleg skilaboð í huga en bullandi íburð.

Ef setja ætti eitthvað út á þennan bíl væri það helst vegna skottrýmis, en þó er þokkalegt skott aftur í og líka geymslurými undir húddinu. Taycan er með uppgefna 430 km drægni innanbæjar svo vart telst það hamlandi þáttur.

Porsche Taycan fer í sölu í desember og búast má við fyrstu bílunum hingað til lands fljótlega eftir það. Vænar forpantanir á bílnum hérlendis eru til staðar svo búast má við að Taycan verði tíð sjón á götunum hér á nýju ári.

# Konur í meiri hættu vegna karllægra árekstrarprófana

Það er staðreynd að líkamar karla og kvenna bregðast mismunandi við því að lenda í árekstri í bílum. Flestar árekstrarbrúður eru miðaðar við karllíkama og kvenbrúður aðeins sem farþegar í mörgum árekstrarprófunum segir í nýrri skýrslu frá ConsumerReports. Samkvæmt rannsókn háskólans í Virginíu eru konur 73% líklegri til að slasast í framanákeyrslum en karlmenn. Önnur könnun frá NHTSA-árekstrarprófunarstofnuninni í Bandaríkjunum sýndi að konur í beltum í framsætum bíla séu 17% líklegri til að látast en karlmenn.

Algengasta árekstrarbrúðan í notkun í dag er 175 sentimetrar og miðast við 78 kílóa þunga. Svokallaðar kvenkyns brúður eru aðeins minnkuð útgáfa karlkyns brúðanna og passa aðeins við um 5% kvenna. Stærð brúðanna var ákveðin á áttunda áratug síðustu aldar og hefur ekki verið breytt síðan þá. „Konur eru ekki minni útgáfur karla heldur eru líkamar þeirra öðruvísi í samsetningu og uppbyggingu þeirra öðruvísi,“ segir Kristy Arbogast sérfræðingur hjá slysarannsóknarmiðstöðinni í Fíladelfíu.

Að sögn Russ Rader hjá IIHS tryggingaöryggisstofnuninni í Bandaríkjunum eru kvenbrúður aldrei notaðar í prófunum þeirra í framanárekstrum en alltaf í prófunum á hliðarárekstrum. „Höfuð kvenna er oftast við miðja hliðarrúðuna í stað þess að vera varið af B-bita bílsins,“ sagði Rader en prófinu var breytt fyrir kvenbrúður til að auka vægi þess að bílaframleiðendur færu að nota stærri hliðarárekstrarpúða.



Sérfræðingur hjá kóreskum bílaframleiðanda kemur dæmigerði karlkyns árekstrarbrúðu fyrir í bílsæti. NORDICPHOTOS/GETTY

**» Konur í beltum í framsætum bíla séu 17% líklegri til að látast en karlmenn.**


reykjafell.is

REYKJAFELL




ABL hleðslustöðvarnar eru margverðlaunaðar og meðal þeirra vinsælustu í Evrópu

eMH1 er hin fullkomna lausn fyrir heimilið. Hefur innbyggðann lekaliða og 6mA DC vörn. Afl frá einum fasa 3,6kW til þriggja fasa 22 kW. Fágað útlit sem prýðir hvert heimili, má nota innan sem og utandyra á vegg eða staur.

**Nánari upplýsingar á reykjafell.is/hledslustodvar**

*– Leita skal til löggildra rafvertaka með uppsetningu og val á búnaði*



KOSTIR OG GALLAR

**MERCEDES-BENZ EQC**

- FJÓRHJÓLAFDRIF
- FIMM SÆTA
- 402 HESTÖFL

**Rafhlaða:** 80 kWh
**Drægni skv. WLTP:** 417 km
**Hámarksafl:** 402 hestöfl
**Hleðslutími** 7kW: 11 klst.
**Hröðun:** 0-100 km: 5, 1 sek.
**Hámarkshraði:** 180 km
**Verð frá:** 9.290.000 kr.

Kostir:
- Framsæti
- Tog
- Hljóðlátur

Gallar:
- Endurspeglun
- Útsýni fram
- Fótarými í aftursæti



Mercedes-Benz EQC er fyrst rafbíll Benz sem er hannaður sem slíkur frá grunni.



Mælaborð er með tvöföldum díóðuskjá og flottri díóðulýsingu.



Bíllinn er aðeins undirstýrður ef lagt er snöggt á hann enda tæp 2,5 tonn að þyngd.

# Kraftur og fágun í einum pakka

**Þótt nýr Mercedes-Benz EQC sé ekki fyrsti rafmagnsbíll Benz er hann sá fyrsti sem er hannaður frá grunni sem rafbíll, ólíkt B-línunni sem einnig er bensín- eða dísilbíll.**

Reynsluakstur
Njall Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Bíllinn er byggður á botnplötu GLC og er mjög svipaður honum í stærð fyrir utan að vera örlítið lengri. Hann er síðasta viðbótin við samkeppni á lúxusmarkaði rafjeppa eins og Jagúar I-Pace og Audi e-tron. Líkt og í báðum þessum bílum er upplifunin af að prófa þessa bíla sér á parti og því ekki skrýtið að þeir hafi verið í efstu sætum í vali á Bíl ársins á þessu ári.

## Hátæknivæddur að innan

Óhætt er að segja að EQC-bíllinn sé flottur að innan með tvöföldum díóðuskjá og díóðulýsingu auk nýtískulegs efnisvals. Þó var sumt sem truflaði upplifunina eins og hátalarinn og lofttúðan undir framrúðunni sem er með þannig lit og áferð að það speglast talsvert upp í framrúðuna.

Gott er að setjast upp í bílinn fyrir utan stigbretti sem vill flækjast fyrir við útstig og virðist hafa engan tilgang nema fyrir útlitið. Útsýni er annars nokkuð gott fyrir utan A-bita sem eru stórir og samvaxnir við hliðarspegla og hindra því aðeins útsýni fram á við ásamt stórri umgjörð um baksýnisspegil. Plássið fram í er gott og sætin þar eru sérstaklega þægileg. Aftursætin eru nógu breið til að vel fari um þrjá fullorðna en gólfið er hærra og það er stór miðjustokkur í fótarými. Eins mætti höfuðrými vera aðeins meira.

Farangursrými er 500 lítrar og þótt það sé í hærra lagi er hluti þess undir gólfi sem eykur á notkunarmöguleika. Einnig er þægilegt að setja stærri hluti upp í rýmið þar sem það er engin sylla til að flækjast fyrir. Loks er auðvelt að fella niður þrískipt aftursætin til að búa til meira rými með flötu gólfi fram eftir bílnum.

> **EQC er einstaklega hljóðlátur og nánast alveg laus við vindhljóð sem er afrek í bíl sem er hljóðlátur fyrir.**

## Tekur tíma að læra á hann

Það tekur nokkra stund að læra á EQC og venjast á að nota hann rétt. Fyrir það fyrsta er uppsetning í káetu í dæmigerðum Benz-stíl með gírskiptinguna í stöng hægra megin við stýrið og sætisstillingar í hurðinni, ekkert sem kemur á óvart þar. Við þetta bætist stjórnkerfi fyrir upplýsingaskjá sem hægt er að stýra á marga vegu, til dæmis gegnum stýri eða með snertiplatta í miðjustokki. Hann er reyndar staðsettur akkúrat þar sem maður vill helst hvíla hægri höndina svo að stundum var maður að reka sig í hann.

Best er að nota raddstýringuna sem kveikt er á með því einu að segja Mercedes, og hún er nokkuð dugleg að skilja mátulega bjagaða ensku dæmigerð Íslendings sem hlýtur að vera kostur með slíkum búnaði.

Loks eru akstursstillingar hans sérkapítuli, en þær eru fimm talsins, þæginda-, sport-, sparnaðar-, hámarksdrægni og þín eigin stilling. Við það bætast fimm hleðslustillingar sem stýrt er með blöðkum er líkjast blöðkum fyrir sjálfskiptingu í stýri, og nota má eins og niðurgírun til að hámarka mögulega hleðslu inn á rafhlöðuna.

## Gott tog og hljóðlátur

En hvernig er að keyra og nota þennan bíl? Kostir hans eru þægindi og hversu hljóðlátur hann er ásamt miklu togi sem skilar sér vel í góðu upptaki á nánast hvaða hraða sem er. Til dæmis virkar millihröðun hans meiri en hjá öðrum bílum í hans flokki.

Fjöðrunin er einnig með áherslu á þægindi sem þýðir að hún er ekkert sérlega sátt við að tekið sé á bílnum. Hann virkar undirstýrður ef farið er snöggt í krappa beygju og betra er að fara ekki of hratt á verstu hraðahindranirnar svo það komi ekki bakslag í fjöðrunina.

Stýrið er létt og þægilegt innanbæjar en hann virkar örlítið laus í stýri í akstri á þjóðvegi. Bíllinn er búinn fjórhjóladrifi en keyrir nánast eingöngu á framdrifinu í hefðbundnum akstri.

Mótorarnir eru tveir og er sá aftari með meira tog en sá fremri. Ef gefið er snöggt inn færist átakið að miklu leyti á afturöxulinn og þá hefur bíllinn úr 402 hestöflum að spila og það sem er meira um vert, 765 Newtonmetra togi. Það er talsvert meira en í helstu keppinautum hans hérlendis, Jagúar I-Pace og Audi e-tron.



Undir húddinu er önnur hlíf fyrir framdrifsmótorinn og aðeins er hægt að sjá stúta fyrir rúðupiss og miðstöð, auk plústengis. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON



Gólfið í farangursrýminu er í hærra lagi en gólfið er slétt og aðgengilegt.

EQC er einstaklega hljóðlátur og nánast alveg laus við vindhljóð sem er afrek í bíl sem er hljóðlátur fyrir. Það er ekkert verið að búa til hljóð eins og í Jagúar I-Pace heldur er hugsað um að gera aksturinn eins hljóðlátan og völ er á.

## Stendur sig vel í samanburði

Hægt er að hlaða bílinn við venjulega heimainnstungu en þannig tekur um 11 klukkustundir að fullhlaða bílinn sem er styttra en í Jagúar I-Pace. Bíllinn var hlaðinn tvisvar yfir nótt á meðan hann var í prófun og þótt hann sýndi fulla hleðslu eftir fyrra skiptið var áætluð drægni samkvæmt upplýsingaskjá aðeins 264 km en tekið skal fram að það var kalt í veðri. Uppgefin drægni samkvæmt WLTP-staðli er þó nokkuð betri, eða 417 km sem er á pari við samkeppnina.

Bíllinn sem við prófuðum var svokölluð 1886 útfærsla sem kom aðeins í 20 eintökum hingað til lands og er ekki lengur fáanleg. Núna er hann í boði í þremur útfærslum, Pure sem kostar 9.290.000 kr., Progressive sem er á 10.450.000 kr. og loks Power sem kostar 11.690.000 kr. Ef horft er á grunnverðið kemur EQC vel út úr samanburðinum því að keppinautarnir eru um hálfri milljón dýrari. Audi e-tron 55 kostar frá 9.790.000 kr. og Jagúar I-Pace einnig.




# Keyrðu á örygginu í vetur

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á n1.is




COOPERTIRES

## Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður

Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur fyrir jeppa og jepplinga

Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar




## Cooper Discoverer M+S

Frábær neglanleg vetrardekk fyrir jeppa

Einstaklega endingargóð með mikið skorið snjómynstur

Nákvæm röðun nagla eykur grip á ísilögðum vegum




## Cooper WM SA2+

Míkróskorin óneglanleg vetrardekk

Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalengd

Mjúk í akstri með góða vatnslosun

Notaðu N1 kortið

## Hjólbarðaþjónusta N1

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440 1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440 1378 | **Opið** | |
| Fellsmúla | 440 1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440 1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440 1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440 1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440 1320 | Dalbraut Akranesi | 440 1394 | | |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440 1433 | | |

Alltaf til staðar

N1

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**MAZDA CX-30**

- 122 HESTÖFL
- 213 NM TOG
- 2.655 MM HJÓLHAF

**Eyðsla frá:** bl.ak. 5,1 lítrar
**Mengun CO2:** 116 g/km
**Hröðun:** 0-100 km 10,6 sek
**Hámarkshraði:** 187 km/klst.
**Verð frá:** 4.050.000 kr
**Umboð:** Brimborg

- Útlit
- Hólf
- Framsæti

- Sjálfskipting
- Ekkert varadekk
- Útsýni aftur

# Sportlegir eiginleikar og útlit

Mazda CX-30 er nýr jepplingur frá japanska framleiðandanum sem kemur sem hrein viðbót við jepplingaflóru þeirra. Það eru óvenju rúmgóð hólf í öllum bílnum og gott að leggja frá sér hluti.

Reynsluakstur
Njall Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is





Mazda CX-30 er sportlegur í útliti sem akstri og höfðar eflaust vel til yngri fjölskyldna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mazda CX-30 er nýr jepplingur frá japanska framleiðandanum sem kemur sem hrein viðbót við jepplingaflóru þeirra. Bíllinn byggir á sama undirvagni og nýr Mazda 3, ólíkt Mazda CX-3 sem er byggður á undirvagni Mazda 2. En af hverju heitir þessi bíll þá ekki einfaldlega Mazda CX-4? Jú, það mun víst vera til bíll með því nafni í Kína og eflaust hefur tæknimönnum Mazda þótt það geta valdið einhverjum ruglingi, þar sem kínverski bíllinn er allt annar bíll en CX-30. Kannski sýnir þetta hversu mikið Kínamarkaður er farinn að skipta máli fyrir bílaframleiðendur, en það er reyndar útúrdúr.

## Búinn mildri tvinntækni

Bíllinn er settur á markað með ungt fólk í huga, og það sést vel í sportlegum línum hans. CX-30 er fyrsti CX-bíllinn með nýja Kodo-útlitinu sem óhætt er að segja að fer honum vel. Það fer ekkert á milli mála að bíllinn er þristur í grunninn því að innréttingin er að mestu leyti eins og báðir bílarnir og með sömu vélar og gírkassa.

Brimborg gengur svo langt að kalla bílinn jeppa á heimasíðu sinni sem er auðvitað fjarri lagi. Hægt verður að fá CX-30 með fjórhjóladrifi í dýrustu útfærslum sínum svo að þannig smeygir hann sér inn í jepplingaflokk með herkjum.

Mazda CX-30 er í boði erlendis með þremur vélum, 2 lítra bensínvél og 1,8 lítra dísilvél. Einnig er hann fáanlegur með nýju Skyactiv-X vélinni sem skilar honum 180 hestöflum. Hérlendis er hann þó aðeins í boði með bensínvélunum enn sem komið er.

Við prófuðum einmitt bílinn með aflmeiri bensínvélinni sem er ágæt þótt hún sé ekkert orkubúnt. Hún er búin mildri tvinntækni sem þýðir einfaldlega að í bílnum er 48V rafhlaða tengd beltadrifnum startara sem hjálpar bílnum aðeins af stað með rafmagni. Sjálfskiptingin er hins vegar hefðbundin sex þrepa skipting sem virkar ekki alltaf fullkomlega í sambandi við vélina, sérstaklega undir álagi. Má maður þá frekar biðja um beinskiptinguna sem Mazda kann mun betur að smíða. Að öðru leyti er bíllinn skemmtilegur akstursbíll sem liggur mjög vel á vegi og er skemmtilegur í stýri.



180 hestafla Skyactive-vélin skilar sínu en líður fyrir sjálfskiptinguna.

## Pláss fyrir flesta hluti

Eins og áður sagði er bíllinn vel heppnaður útlitslega að mati undirritaðs og eflaust eru margir sammála þeirri fullyrðingu. Línurnar eru sportlegar og Kodo-útlitið enn ýktara en áður, sérstaklega að framan. Sportleg axlarlínan hækkar aftur og það hefur þann galla í för með sér að útsýni aftur versnar og einnig verður útsýni fyrir ungviðið af skornum skammti. Fleira heftir útsýni aftur eins og breiður B-biti og litlir gluggar. Reynt er að bæta fyrir það með stórum hliðarspeglum en þar sem þeir eru frekar nálægt ökumanni þarf að færa fókus á þá þegar litið er í þá.

Bíllinn er vel heppnaður að innan og innrétting flott með þykku og góðu stýrishjóli úr leðri og leðri á mörgum slitflötum. Líkt og í Mazda 3 er sama útfærsla á upplýsingaskjá og í Mazda 3 en skjárinn er ofan á mælaborðinu eins framarlega og hægt er. Kosturinn við þá uppsetningu er að það þarf ekki að taka augun mikið af veginum, en gallinn er sá að notast þarf við gamaldags skruntakka við að velja aðgerðir þar sem skjárinn er ekki snertiskjár.

Það eru óvenju rúmgóð hólf í öllum bílnum og gott að leggja frá sér hluti, sérstaklega er hanskahólfið óvenjustórt af bíl í þessum stærðarflokki. Sætin í bílnum eru þægileg þótt þau séu ekki stór og krakkahópurinn kvartaði ekki yfir plássleysi í aftursæti. Farangursrýmið er þokkalegt og gólfið nokkuð djúpt en varadekk er ekki til staðar.

## Stendur sig vel í samanburði

Samkeppisaðilar Mazda CX-30 eru þó nokkrir hér á landi og nægir þar að nefna bíla eins og Jeep Renegade, Mitsubishi ASX, Nissan Qashqai og Subaru VX. Allir þessi bílar eru nokkuð nálægt honum í stærð. Grunnverð Mazda CX-30 er 4.050.000 kr. og svo bætast 300.000 kr. við verðið fyrir sjálfskiptinguna. Grunnverð hans með fjórhjóladrifi er 5.090.000 kr.

Bíllinn er vel búinn í grunnútgáfu og nægir þar að nefna hraðastilli með fjarlægðarstillingu, leiðsögukerfi, umferðarmerkjalesara, lyklalaust aðgengi, framrúðuskjá, díóðu aðalljós, nálægðarskynjara og regnskynjara.

Grunnverð Nissan Qashqai er það sama, 4.050.000 kr., en grunnverð með fjórhjóladrifi er 100.000 kr. hærra, eða 5.190.000 kr. Annar sterkur keppinautur væri Mitsubishi ASX sem kostar 4.090.000 kr. í grunninn en aðeins 4.790.000 kr. með fjórhjóladrifi og sjálfskiptingu. Grunnverð Jeep Renegade er gott eða 4.390.000 kr. og líkt og Subaru VX eru þeir aðeins fáanlegir með fjórhjóladrifi, en grunnverð VX er 5.490.000 kr.




JAGUAR I-PACE

# BÍLL ÁRSINS 2020 ER RAFBÍLL

JAGUAR




## FJÓRHJÓLADRIF, RAFMAGN, 470 KM* DRÆGI, 400 HESTÖFL, LOFTPÚÐAFJÖÐRUN

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) hefur tilkynnt niðurstöðu í vali á „Bíl ársins 2020 á Íslandi". Þrír efstu bílarnir sem kepptu um toppsætið eru allir í flokki sportjeppa. Jaguar I-Pace varð hlutskarpastur með 775 stig. Í öðru sæti var Audi e-Tron með 754 stig og þriðja sætið kom í hlut Mercedes-Benz EQC sem hlaut 714 stig. Það voru einkum framúrskarandi aksturseiginleikar, mikið afl og þægindi I-Pace sem heilluðu dómnefndina og skiluðu Jaguar sportjeppanum í toppsætið.

Verið velkomin að reynsluaka bíl ársins 2020!
Verð frá 9.790.000 kr.

**jaguarisland.is**

**JAGUAR**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS 2020

# BÍLAR




**Inngangur Mirafiori-verksmiðjunnar í Torino er skrýddur merkjum FCA.**

## Samruni PSA og FSA skoðaður

Stærsta frétt vikunnar sem leið í bílaheiminum var án efa samruni tveggja bílasamsteypa, PSA og FSA. Annars vegar höfum við PSA Peugeot Société Anonyme með Peugeot, Citroën, DS, Opel og Vauxhall, og hins vegar FCA eða Fiat Chrysler Automobiles sem einnig inniheldur Jeep, Chrysler, Dodge, Lancia og Alfa Romeo.

Automotive News hefur fylgst vel með fréttum af þessu og þessi fréttaskýring byggir að miklu leyti á fréttum frá þeim.

FCA og PSA áætla að ná bindandi samkomulagi á næstu vikum sem felur í sér sameinað fyrirtæki sem er 45 milljarða evra virði. Samtals munu merki samsteypunnar selja 8,7 milljónir ökutækja á ársgrundvelli og miðað við árið 2018 skila 11 milljarða evra hagnaði. Stærsti einstaki hluthafinn verður Exor, sem er eignarhaldsfélag Agnellifjölskyldunnar sem átti 29,2% í FCA. Exor mun eignast 14,5% í nýja fyrirtækinu, sem verður í Hollandi en skráð í kauphöllum Parísar, Mílanó og New York.

Framkvæmdastjóri PSA, Carlos Tavares verður forstjóri nýju samsteypunnar en stjórnarformaður FCA, John Elkann, verður stjórnarformaður. Samtals verða ellefu í stjórn, sex frá PSA og fimm frá FCA.

Áður en gengið verður frá samrunanum mun FCA greiða hluthöfum sínum 5,5 milljarða evra arð. PSA mun aftur á móti dreifa 46% eignarhlut sínum í varahlutaframleiðandanum Faurecia á milli hluthafa sinna. Virði Faurecia er þó aðeins 2,6 milljarðar evra sem er innan við helmingur þess arðs sem hluthafar FCA greiða sér.

Þegar búið er að taka saman eignir fyrirtækjanna og draga frá útborgaðan arð og skiptingu eignahlutar fær FCA gróft áætlað 50% hlut í nýja fyrirtækinu fyrir um það bil 40% af heildareignum þess. Þess vegna hafa fréttaskýrendur sagt að samruninn sé í raun og veru yfirtaka PSA á FCA. Að vísu opnar samruninn dyr fyrir merki PSA í Norður-Ameríku en það er fleira sem kemur til. Samruninn mun hraða þróun á rafbílum merkjanna báðum megin Atlantshafsins. Áætlanir gera ráð fyrir 3,7 milljarða evra sparnaði á ársgrundvelli. Ekki stendur til að loka neinum verksmiðjum af hálfu samningsaðila.

Á tæknisviðinu hefur PSA þróað nýja gerð undirvagna sem við höfum þegar séð í bílum frá Peugeot, Citroën og Opel. Til að mynda eru Peugeot 3008 og Opel Grandland byggðir á sama undirvagni og nota sömu vélar. EMP-undirvagninn var kynntur til sögunnar árið 2013 og mun verða undir flestum bílum PSA. Smærri undirvagn heitir CMP og var kynntur nýlega en hann er til dæmis undir nýjum Peugeot 208 og Opel Mokka. Merki FCA munu njóta góðs af þessu í lækkuðum kostnaði í framleiðslu. Á móti munu stærri undirvagnar FCA fyrir pallbíla og jepplinga nýtast að einhverju leyti en þó ekki miklu. Þess vegna er ekki líklegt að við sjáum nýjan pallbíl með Peugeotmerkinu til að mynda.

Líklegra er að við sjáum meiri samvinnu með atvinnubíla, en Fiat Chrysler var þegar með samvinnu við PSA í Evrópu um sendibíla.

## Evrópusambandið mótar stefnu um gömul ökutæki

Evrópusambandið hefur komið á fót nefnd sem sjá á um að móta stefnu varðandi gömul ökutæki, eða fornbíla og fornhjól. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í október og eiga fulltrúar hagsmunahópa aðgang að honum. Meðal þess sem rætt var um á fundinum var nauðsyn þess að styðja við framleiðslu á varahlutum fyrir gömul ökutæki, og að hægt verði að kaupa það eldsneyti sem ökutækið notar svo það haldist í góðu lagi. Mörg eldri ökutæki nota til dæmis blýblandað bensín sem nýrri ökutæki þurfa ekki. Einnig var rætt um rétt eigenda þessara ökutækja til að nota þau, en víða hafa borgir í Evrópu sett reglur um svæði með minni mengun innan borgarmarka. Loks var rætt um nauðsyn þess að hærri gjöld lentu ekki á eigendum slíkra ökutækja þegar þau hafa náð vissum aldri, en víða eru í gildi reglur um bifreiðagjöld út frá því hversu mikið ökutækið mengar.



**Reglur ESB myndu ná til allra gamalla ökutækja, ekki aðeins bíla og mótorhjóla.** NORDICPHOTOS/GETTY




# Frábært haust tilboð
## á þessum legsteinum




**299.900 kr.**
Með beðramma
lukt og vasa
Fullt verð: ~~544.250,-~~

**289.900 kr.**
Með beðramma
lukt og vasa
Fullt verð: ~~529.250,-~~

**139.900 kr.**
með spörfugli
Fullt verð: ~~291.650,-~~

VERÐ MIÐAST VIÐ ÁLETRAÐAN* STEIN
MEÐ UPPSETNINGU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**ATH. GRANÍTHÖLLIN ER FLUTT AÐ FOSSALEYNI 16, 112 REYKJAVÍK**

*Hefðbundin áletrun, 1 nafn
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



**TIL SÖLU PORSCHE CAYEEN S.**
Skráður 11/2016, ek. 56 þús. km. Tengiltvinnbíll, 416 hestöfl (95 frá rafmagnsmótor). Hlaðinn aukabúnaði, m.a. loftpúðafjöðrun, panorama sóllúga, vetrar- og sumardekk á felgum, umboðsbíll, einn eigandi. Til sýnis hjá Öskju, notaðir Kletthálsi 2.
**Nánari upplýsingar á www.bilasölur.is, raðnúmer: 292391.**
**Ásett verð: 9.890.000,**
**Tilboð 9.190.000.**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Tilboð eða tímagjald. Uppl. í s: 778 0100.

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO




## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Til sölu píanó, selst ódýrt. Uppl. s: 567-4894

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is







# Húsbílar á stórlækkuðu verði !




**Til sölu Fiat Carado** diesel 2015 ekinn 145 þ km 6 gíra. 2 manna glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa.
**Verð 4.990.000**
**verð nú 3.490.000**
**Staðgreitt**




**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado** húsbíll árg 2015 ekinn 181 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4
**verð 5.490.000**
**verð nú 4.290.000**
**Staðgreitt**




**Fiat Hobby húsbíll** 2.3diesel árg 2017 ekinn 103þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 8.900.000**
**nú aðeins 6.990.000.**
**Staðgr.** Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður. (smá tjón er á bílnum)




**Hobby Optima T65HFL** diesel ekinn 55 þ km árgerð 2018 6 gíra. 4 manna glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa. **verð 11.490.000**
**verð nú 8.990.000**
**Staðgreitt**




**Til sölu Fiat Carado** húsbíll 464 diesel árg 2016 ekinn 103 þ km 6 gíra 6 manna með hjónarúmi afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa **verð 7.990.000**
**verð nú 6.490.000**
**Staðgreitt**




**Til sölu Fiat Hobby húsbíll A70GM** diesel árg 2018 ekinn 46 þ km 6 gíra 6 manna með hjónarúmi afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa **verð 9.990.000**
**verð nú 8.990.000**
**Staðgreitt**




**Til sölu Fiat Hobby húsbíll A65GM** diesel árg 2018 ekinn 46 þ km 6 gíra 6 manna með kauju afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa **verð 9.990.000**
**verð nú 8.990.000**
**Staðgreitt**




**Til sölu Fiat Carado húsbíll 461** diesel árg 2016 ekinn 83 þ km 6 gíra 6 manna með hjónarúmi afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa **verð 7.990.000**
**verð nú 6.790.000**
**Staðgreitt**




**Ford Transit 2.2 diesel Hymer** Húsbíll árg 2011, ekinn ca 160 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 3.990.000.-**
**verð nú 2.990.000.**
**Staðgreitt**

**Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)**
**Möguleiki á allt að 100% láni.**
**Vinsamlegast hringið í síma 7767600 til að bóka skoðun.**
Við erum á facebook, þar má sjá fleiri myndir
https://www.facebook.com/tcithjonusta/

TOURINGCARS
**gummi@tci.is**



STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

ÞETTA GERÐIST: 5. NÓVEMBER 1996

## Hamfarahlaup varð í Skeiðará

Gífurlegt vatnshlaup braust fram með boðaföllum undan Skeiðarárjökli og upp úr honum, að morgni 5. nóvember árið 1996. Það flæddi fram Skeiðarársand með miklum jakaburði. Þar braut það stór skörð í þjóðveg 1 og tvær mikilvægar brýr á sandinum, lengstu brú landsins, yfir sjálfa Skeiðará, og Gígjukvísl.

Vatnselgurinn var afleiðing stórs eldgoss sem hófst undir Vatnajökli, milli Bárðarbungu og Grímsvatna, 30. september þetta ár, kom upp á yfirborðið tveimur dögum síðar og stóð í hálfan mánuð. Hlaupsins hafði því verið beðið í ofvæni í nokkrar vikur. Var vísindafólk farið að klóra sér í kollinum og fréttafólk tekið að ókyrrast á svæðinu en vatnið hafði safnast fyrir í Grímsvötnum þar til það braut sér leið út.

Hlaupið stóð í tvo daga. Flaumurinn virtist ná hámarki um og upp úr klukkan 22.30 fyrri daginn, svo tók hann að réna en jakarnir, sem sumir hverjir voru risastórir, báru vitni um tröllaukinn kraft hans.



**Þessi mynd er tekin 6. nóvember 1996, þegar hlaupið var í rénun og sýna kraft flóðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Bjarna Jónssonar**
Lundi 5.

**Ása Björgvinsdóttir**
**Björgvin Jón Bjarnason** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**Árný Erla Bjarnadóttir** **Alfreð Árnason**
**og barnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

---




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

---



✝

Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Sigrún Sturludóttir**
frá Súgandafirði,

lést á Hrafnistu þann 1. nóvember.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 11.00.

**Inga Lára Þórhallsdóttir** **Elvar Bæringsson**
**Sóley Halla Þórhallsdóttir** **Kristján Pálsson**
**Auður Þórhallsdóttir** **Siggeir Siggeirsson**
**Steinunn Þórhallsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu og langömmu,

**Kristrúnar Guðmundsdóttur**
Kambsvegi 37, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans Fossvogi, deild B4, fyrir góða umönnun og hlýju.

**Agnar Bjarnason**
**Sigríður Helga Agnarsdóttir**
**Bjarni Jón Agnarsson** **Hanna Dóra Haraldsdóttir**
**Sigrún Agnarsdóttir** **Helgi Jónsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Víbeka Bjarnadóttir**
frá Neskaupstað,
áður til heimilis að Barðastöðum 79,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 31. október.
Útförin fer fram frá Fíladelfíukirkju mánudaginn 11. nóvember klukkan 13.00.

**Viðar Norðfjörð Guðbjartsson** **Kulrapas Kaewin**
**Þorleifur Guðbjartsson**
**Bjarni Geir Guðbjartsson** **Kristín Ósk Gestsdóttir**
**Elín Guðbjartsdóttir** **Marten Ingi Løvdahl**
**Guðbjartur Guðbjartsson** **Kazi Kona**
**Signý Guðbjartsdóttir** **Sigurður Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Stefánsdóttir**
Ægisgötu 16b, Akureyri,

lést fimmtudaginn 24. október síðastliðinn á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
Jarðarförin fer fram þriðjudaginn 5. nóvember nk. kl. 13.30 í Akureyrarkirkju.

**Björn Snæbjörnsson** **Magga Kristín Björnsdóttir**
**Sigurbjörg Snæbjörnsdóttir**
**Stefán Sigurður Snæbjörnsson** **Randi Aarseth**
**Kristinn Snæbjörnsson** **Kristín Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Kristrún Kjartansdóttir**
frá Haga, Grímsnesi,
Fossheiði 58, Selfossi,

lést á Sólvöllum Eyrarbakka miðvikudaginn 30. október sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 8. nóv. kl. 13.00.

**Ragnhildur Helgadóttir** **Hafliði Sveinsson**
**Kjartan Helgason**
**Áslaug Harðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Móðir, amma, systir, mágkona og tengdamóðir,

**Þórarna V. Jónasdóttir**
sérkennari og leiðsögumaður,
Skaftahlíð 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þann 20. október. Hún verður jarðsungin 5. nóvember frá Fossvogskirkju kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

**Jón Sigfússon** **Freyja Valsdóttir**
**Bjarni Sigfússon**
**Ragnhildur, Ólafur og Kristólína**
**Jenný, Anna og Halldóra**
**Vilbergur, Þórarna og Valur**

---



✝

Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

**Hallgrímur Þormarsson**
veitingastjóri á Hótel Búðum,

lést af slysförum 27. október.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Þuríður Hallgrímsdóttir** **Finnbogi Kjartansson**
**Þormar Ingimarsson** **Þórunn Stefánsdóttir**
**Kjartan Henry Finnbogason** **Helga Björnsdóttir**
**Fjóla Finnbogadóttir** **Davíð Sigurbergsson**
**Ása Lind Finnbogadóttir**
**Thelma Þormarsdóttir** **Óskar Örn Hauksson**
**Rakel Þormarsdóttir** **Auðunn Blöndal**
**Bryndís Begga Þormarsdóttir**
**Einar Ólafsson** **Kahina Ólafsson**

---



✝

Ástkær maður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jens Pétur Högnason**
frá Grundarfirði,
hestamaður og sauðfjárbóndi,

lést 26. október.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 7. nóvember, kl. 13.00.
Blessuð sé minning hans.

**Friðbjörg Egilsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn langafabörn og systkini.**

# JAFNRÉTTI ER ÁKVÖRÐUN

## Jafnvægisvogin 2019

### RÁÐSTEFNA & VIÐURKENNINGARATHÖFN

**Grand Hótel í dag frá kl. 15–17.30. Aðgangseyrir 4.900 kr. Skráning á fka.is**




**Viðurkenningar Jafnvægisvogarinnar verða veittar í fyrsta sinn**

## Dagskrá ráðstefnu

**Opnunarávarp** *Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra*

**Kynjabókhald í þáttagerð**
*Gísli Einarsson, dagskrárgerðarmaður RÚV*

**Jafnrétti fyrir alla?** *Tatjana Latinovic, formaður Kvenréttindafélags Íslands*

**„En getur þú tekið ákvörðun?“**
*Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi*

**Ávinningur allra!**
**Jafnrétti í sveitarfélögum**
*Sigþrúður Ármann, framkvæmdastjóri Exedra*

**Þegar tölur vekja tilfinningar**
*Rakel Sævarsdóttir, ráðgjafi hjá Deloitte*

**Eliza Reid flytur ávarp og veitir viðurkenningar Jafnvægisvogarinnar árið 2019**

**Fundarstjóri**
*Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri vöruþróunar-, sölu- og markaðssviðs Bláa Lónsins*

JAFNVÆGISVOG FKA 2019

Jafnvægisvog FKA sýnir svart á hvítu hver staðan er á jafnrétti meðal stjórnenda í íslensku atvinnulífi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að kynjahlutfall í framkvæmdastjórnum fyrirtækja verði 40/60 árið 2027. Til þess að það gerist þarf að grípa tafarlaust til aðgerða. Er fyrirtækið þitt á réttri leið? **Breytum þessu strax!**

1999 - 2019 FKA Félag kvenna í atvinnulífinu | SJÓVÁ | Stjórnarráð Íslands Forsætisráðuneytið | Deloitte. | Pipar\TBWA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 4 |
| Ísafjörður | -2 | 6 |
| Akureyri | -3 | 2 |
| Egilsstaðir | -3 | 0 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 2 |
| Hveravellir | -8 | 1 |

Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s í kvöld. Slydda eða snjókoma með köflum SA-lands, en él á N- og A-landi.Norðaustan 8-13 á Vestfjörðum og við SA-ströndina á morgun, annars hægari. Bjart með köflum, en snjókoma eða él SA-til. Frost víða 0 til 8 stig, en frostlaust við ströndina á sunnanverðu landinu.

## Miðvikudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 5 |
| Ísafjörður | -4 | 4 |
| Akureyri | -3 | 1 |
| Egilsstaðir | -3 | 1 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 5 |
| Hveravellir | -5 | 6 |

## Fimmtudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2 | 3 |
| Ísafjörður | -2 | 2 |
| Akureyri | -9 | 1 |
| Egilsstaðir | -6 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 1 |
| Hveravellir | -5 | 2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 dilla
5 tuddi
6 í röð
8 lúffa
10 tveir eins
11 pex
12 afkvæmi
13 fránn
15 íþrótt
17 verður

**LÓÐRÉTT**
1 líka
2 sýring
3 ofanferð
4 kk. nafn
7 græða
9 fúslega
12 smáhögg
14 tangi
16 rómversk tala



**LÁRÉTT:** 1 hossa, 5 uxi, 6 gh, 8 guggna, 10 nn, 11 jag, 12 barn, 13 snar, 15 tennis, 17 skalt.
**LÓÐRÉTT:** 1 hugnast, 2 oxun, 3 sig, 4 agnar, 7 hagnast, 9 gjarna, 12 bank, 14 nes, 16 il.

## Skák Gunnar Björnsson

Batel Goitom Haile (1.474) átti leik gegn Filipu Fortuna Pirpras (1.939) á Ólympíumóti 16 ára og yngri sem fer fram í Tyrklandi.

**37...Dxe4+! 38. fxe4 Hxf2 39. Bxg4 Hb2+ 40. Kc1 Rxa2 0-1.** Ólympíulið Íslands vann öruggan sigur á stúlknasveit Tyrkja í gær. Í dag fer fram lokaumferðin. Kristján Dagur Jónsson vann sigur í b-flokki alþjóðlegs móts í Hasselbacken í Svíþjóð.

**www.skak.is:** Hasselbacken og Ól-U16

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Dauðinn í hverju horni

**Ný glæpasaga Ragnars Jónassonar, Hvítidauði, gerist meðal annars á berklahæli. Næsta bók kemur út á frönsku og íslensku.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Hvítidauði er nýjasta glæpasaga Ragnars Jónassonar. Um efni bókarinnar segir Ragnar: „Hún gerist fyrir norðan árið 1983 á á berklahæli sem þá er notað fyrir skrifstofur þar sem eru nokkrir starfsmenn. Sagan hefst á því að einn starfsmaðurinn er myrtur, kona sem er nálægt því að hætta störfum og hafði unnið þarna í áratugi. Síðan verður annað dauðsfall. Sagan gerist líka 30 árum síðar þar sem Helgi Reykdal, nemi í afbrotafræði, er að skrifa lokaritgerð um morðið á hælinu sem aldrei var leyst. Hann er einnig að taka við starfi hjá lögreglunni og hittir fólk sem tengdist hælinu á sínum tíma. Þessi bók fer líka aftur til áranna 1951-52 þegar berklarnir voru enn þá raunverulegur vágestur. Þetta var auðvitað skelfilegur sjúkdómur og á stofnun eins og þessari var dauðinn í hverju horni. Ég fór og skoðaði frábært safn á Kristnesi í sumar og þar fær maður gangana, herbergin, dramatískar sögur og óhugnaðinn beint í æð.“

**Seld til Bandaríkjanna**

Lögreglufulltrúinn Hulda, sem lesendur Ragnars þekkja vel, er persóna í þessari bók. „Í Dimmu var hún látin hætta hjá lögreglunni rétt áður en hún átti að fara á eftirlaun vegna þess að ungur og efnilegur lögreglumaður, sem var ónafngreindur, þurfti að fá starfið hennar. Ég fékk þá hugmynd fyrir tveimur árum að láta Helga vera þann mann og skrifa um hann bók. Við fylgjumst með fyrstu dögum hans í lögreglunni og rannsókn á þessu gamla morðmáli á berklahælinu og þar kemur Hulda aðeins við sögu. Mér fannst þetta geta verið skemmtilegur vinkill á þessa fyrstu sögu um hana,“ segir Ragnar.

Bækur Ragnars hafa notið mikillar velgengni erlendis og koma út á um tuttugu tungumálum í þrjátíu löndum. Nú þegar er búið að selja Hvítadauða til Bandaríkjanna. Í þessum mánuði koma síðan út í fyrsta sinn bækur eftir hann á spænsku og katalónsku og á næsta ári bætast Holland og Noregur við þau lönd sem gefa út bækur hans. Í Frakklandi nýtur Ragnar áberandi velgengni og þar koma nú út tvær bækur eftir hann á ári, en þar hafa selst fimm hundruð þúsund eintök af bókum eftir hann á þremur árum.



**Lykillinn er að skrifa örlítið á hverju kvöldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**» Í FRAKKLANDI NÝTUR RAGNAR ÁBERANDI VELGENGNI OG ÞAR KOMA NÚ ÚT TVÆR BÆKUR EFTIR HANN Á ÁRI.**

**Næsta bók á frönsku og íslensku**

Spurður hvort hann sé mikið á ferðalögum vegna útgáfu bóka sinna segir hann: „Ég reyni að vera eins lítið á ferðalögum og ég kemst upp með því þau trufla mig frá vinnu. Það er samt alltaf nokkuð um ferðalög. Ég fer til Frakklands tvisvar á ári og til Bretlands sömuleiðis.“

Ragnar er í fullu starfi hjá Arion banka og segist skrifa á kvöldin. „Ég byrja að skrifa nýja bók í september á hverju ári og skrifa fram í desember, tek mér þá frí og skrifa eftir áramót og fram á vor. Lykillinn er að skrifa örlítið á hverju kvöldi. Það er skemmtilegt að geta sest niður eftir daginn og hugsað um eitthvað allt annað en dagvinnuna.“ Hann er kominn vel á veg með nýja bók og segir að hugmynd sé um að gefa hana samtímis út á frönsku og íslensku næsta haust.

Spurður hvort hann telji sig vera betri höfund nú en þegar hann var að hefja ferilinn segir hann: „Vonandi. Ég held að maður þroskist og læri með hverri bók.“

## Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 5. NÓVEMBER 2019

### Tónlist

**Hvað?** Kúnstpása
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Norðurljós, Hörpu
Eyjólfur Eyjólfsson tenór og Bjarni Frímann Bjarnason flytja sérvalin lög eftir tónskáldið Reynaldo Hahn (1874-1947), má þar nefna sex sönglög frá Feneyjum.

**Hvað?** Sjóðheitur, seiðandi tangó
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Septettinn Le Grand Tango flytur fjölbreytta tangótónlist, allt frá danstónlist til kammerverka. Sófaspjall við Olivier Manoury, bandoneonleikara og tónskáld, hefst klukkustund fyrr í fordyrinu, í umsjón Arndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur.

### Orðsins list

**Hvað?** Fyrirlestur um stutt skiptinám fyrir tungumálanema
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Veröld – húsi Vigdísar
Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, fjallar um uppbyggingu og markmið tveggja vikna námskeiðs sem haldið er við Karl Eberhard háskólann í Tübingen í Þýskalandi, fyrir þýskunemendur Háskóla Íslands.

**Hvað?** Fyrirlesturinn Rediscovering Night
**Hvenær?** 17.00-17.40
**Hvar?** Listasafninu á Akureyri
Matt Armstrong myndlistarmaður ræðir hvernig eðlislægur áhugi hans á sýnilegu rými og alheiminum hefur mótað hann og hvernig enduruppgötvun hans á næturhelmingi lífsins hefur haft áhrif á list hans og sköpunarmátt.

**Hvað?** Bókmenntakvöld
**Hvenær?** 19.30.-20.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Sólveig Pálsdóttir, bæjarlistamaður Seltjarnarness, mun fjalla um nýútkomna spennubók sína Fjötrar og les upp. Allir velkomnir – kaffi og kruðerí í boði.

### Dans

**Hvað?** Tangó - milonga og danssýning
**Hvenær?** 19.30-22.30
**Hvar?** Dansverkstæðið
Argentínskur tangó dunar. Dj er Þorvarður. Diego og Tinna sýna tangó. Opinn tími.

### Annað

**Hvað?** Skrekkur – undanúrslit
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Eitt af þremur undanúrslitakvöldum Skrekks, hæfileikahátíðar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Fulltrúar átta grunnskóla í Reykjavík keppa í kvöld.



UEFA CHAMPIONS LEAGUE



MEISTARADEILDIN
ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG

8 LEIKIR
Í BEINNI Í HVERRI UMFERÐ

MEISTARADEILDARMESSAN
ALLIR LEIKIRNIR Á EINUM STAÐ

SPORT

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2018-2019 Fjarðabyggð - Fljótsdalshérað**
**14.10 Tónstofan Elísabet F. Eiríksdóttir**
**14.35 Gómsæta Ísland** Í þessum þætti er farið til Vestmannaeyja þar sem heimamaðurinn og meistarakokkurinn Sigurður Gíslason slæst í för. Farið er á sjóstöng, ferðast um eyjarnar og eldað eftir kúnstarinnar reglum undir berum himni.
**15.05 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**15.20 Stiklur**
**15.55 Viðtalið Robert Z. Aliber** Bogi Ágústsson ræðir við Robert Z. Aliber, prófessor Emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago.
**16.20 Menningin - samantekt**
**16.50 Krónikan**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Rosalegar risaeðlur**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón. Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.
**19.50 Menningin** Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.05 Kveikur**
**20.45 Hótellíf**
**21.30 Donna blinda** Finnsk gamanþáttaröð um Donnu, 27 ára blinda konu sem er staðráðin í að finna hinn eina rétta eftir að kærastinn hennar til margra ára yfirgefur hana skyndilega. Aðalhlutverk: Alina Tomnikov, Essi Hellén, Miina Penttinen. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Baptiste** Bresk spennuþáttaröð í sex hlutum um rannsóknarlögreglumanninn Julien Baptiste úr þáttaröðunum Horfinn, eða The Missing. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Krónikan**
**00.20 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Bermuda Championship** Útsending frá Bermuda Championship á PGA-mótaröðinni.
**12.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**12.55 Bermuda Championship**
**16.55 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**17.45 HSBC Champions** Útsending frá HSBC Champions í Heimsmótaröðinni.
**23.45 Golfing World**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Life in Pieces**
**14.15 Survivor**
**15.00 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 The Mick**
**19.45 The Neighborhood**
**20.10 Jane the Virgin**
**21.00 FBI**
**21.50 Grand Hotel**
**22.35 Baskets**
**23.00 White Famous**
**23.35 The Late Late Show**
**00.20 NCIS**
**01.05 New Amsterdam**
**01.50 Stumptown**
**02.35 Beyond**
**03.20 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hljómboxið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 Tumbledown**
**12.55 Experimenter**
**14.35 Dressmaker**
**16.35 Tumbledown**
**18.20 Experimenter**
**20.00 Dressmaker**
**22.00 Twister**
**23.50 Mesteren**
**01.25 Phantom Thread**
**03.35 Twister**

### STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 First Dates**
**10.10 Masterchef USA**
**10.50 NCIS**
**11.35 Sendiráð Íslands**
**12.05 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Village**
**13.45 So You Think You Can Dance**
**14.30 So You Think You Can Dance**
**15.15 So You Think You Can Dance**
**16.40 Nettir Kettir**
**17.20 The Goldbergs**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 The Goldbergs**
**19.35 Modern Family**
**20.00 All Rise**
**20.45 His Dark Materials**
**21.50 Blinded**
**22.35 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.05 Grey's Anatomy**
**23.50 Orange is the New Black**
**00.45 Gasmamman**
**03.00 Gasmamman**
**03.45 NCIS**
**04.30 NCIS**

### STÖÐ 3

**19.15 The Middle**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 One Born Every Minute**
**21.40 Flash**
**22.25 Claws**
**23.15 Pretty Little Liars. The Perfectionists**
**00.00 Roswell, New Mexico**
**00.45 The Middle**
**01.10 The Big Bang Theory**
**01.30 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Formúla 1. Bandaríkin - Keppni**
**09.25 Stoke - West Brom**
**11.05 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**11.35 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**12.05 Selfoss - Stjarnan** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**13.35 Seinni bylgjan**
**15.05 Chelsea - Manchester United**
**16.45 Liverpool - Arsenal**
**18.25 Ensku deildabikarmörkin**
**18.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.15 Meistaradeildarmessan**
**22.00 Meistaradeildarmörkin**
**22.30 Bologna - Inter**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**17.45 Barcelona - Slavia Prag** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**19.50 Liverpool - Genk** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### STÖÐ 2 SPORT 3

**19.50 Dortmund - Inter** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### STÖÐ 2 SPORT 4

**19.50 Chelsea - Ajax** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


HIS DARK MATERIALS
ÞRIÐJUDAGA
Mögnuð þáttaröð sem beðið hefur verið eftir. BBC og HBO leiða saman hesta sína og glæða margrómaðan ævintýrasagnbálk lífi í þessari einstöku þáttaröð sem byggð er á margverðlaunuðum fantasíubókaþríleik eftir Philip Pullman.
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817



Sigurjóna Sverrisdóttir, Anna Rúna Valdimarsdóttir, Hulda Pálsdóttir og Kristján Jóhannsson skemmtu sér vel.



Sóley Guðmundsdóttir, Níels Thibaud Girerd og Helga Bryndís Jónsdóttir.

# Ný og fersk Atómstöð

Á föstudaginn var nýtt leikverk eftir hinni klassísku skáldsögu Atómstöðinni frumsýnt á fjölum Þjóðleikhússins og mættu frumsýningargestir prúðbúnir.

Skáldsagan er nú sett upp í nýju leikverki skrifuðu af dóttursyni Nóbelsskáldsins, Halldóri Laxness Halldórssyni eða Dóra DNA, sem hefur getið sér gott orð sem uppistandari, handritshöfundur og ljóðskáld, í samvinnu við leikstjóra sýningarinnar, Unu Þorleifsdóttur. Saman nálgast þau söguna sem olli töluverðum deilum á sínum tíma, á ferskan og óvæntan hátt sem ný kynslóð leikhúslistafólks. Una hefur leikstýrt nokkrum verkum í Þjóðleikhúsinu en þetta er fyrsta leikverk Halldórs fyrir leikhúsið og er ekki annað að sjá en að prúðbúnir frumsýningargestir hafi skemmt sér vel. bjork@frettabladid.is



Listahjónin Þorsteinn Bachmann og Gagga Jónsdóttir geisluðu af gleði á frumsýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Egill Ólafsson og Tinna Gunnlaugsdóttir létu sig ekki vanta en þess má geta að Tinna fór með hlutverk Uglu í kvikmyndaðri útfærslu Atómstöðvarinnar árið 1984.



Helga Elínborg Jónsdóttir, Kristbjörg Kjeld og Katrín Fjeldsted voru stórglæsilegar.



Hákon Jóhannesson ásamt hjónunum Völu Ágústu Káradóttur og Gísla Marteini Baldurssyni.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Réttur mánaðarins

**Fullelduð**
Bolognese kjötsósa

**3 stk.**




**Samtals**

## 1.555 kr.

**Bónus Bolognese Kjötsósa**, 1 kg, 998 kr.
**Hatting Hvítlauksbrauð**, 3 stk., 298 kr.
**Barilla Spaghetti**, 1 kg, 259 kr.

**200 kr** afsláttur

**Fulleldað**
Aðeins að hita




## 679 kr./800 g

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **10. nóvember** eða meðan birgðir endast.





# Njótum jólanna án þess að kála okkur

Á Heilsustofnuninni Hveragerði er í desember boðið upp á helgarnámskeið í heilsu með **Geir Gunnari Markússyni** næringarfræðingi sem aðstoðar fólk við að halda sér á sporinu í mánuði allsnægta.

Fram undan er desember, jólamánuðurinn, mánuður matar og víns, slökunar og notalegrar samveru með ofgnótt veitinga í föstu og fljótandi formi. Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur heldur námskeið á Heilsustofnuninni Hveragerði fyrstu tvær helgarnar í desember sem er ætlað að vera í senn hressandi og afslappandi og hjálpa fólki að koma sér af stað í heilbrigðara líferni. Geir Gunnar hefur boðið upp á lengri námskeið hingað til en segir þau ekki henta í desembermánuði, einmitt þegar fólk þarf hvað mest á aðstoð að halda.

**Að bera ábyrgð á eigin heilsu**

„Nútímaliferni okkar býður upp á alltof mikið stress, svefnleysi, hreyfingarleysi og skyndibita. Þetta er námskeið fyrir þá sem eru komnir í vítahring óheilbrigðs lífernis og vantar smá „kick start“ í átt að hollari lífsháttum.

Ef þú nærð ekki að forgangsraða heilsunni í hversdeginum er þetta námskeið fyrir þig. Fólk þarf samt ekkert að vera á slæmum stað heilsulega séð til þess að sækja þetta námskeið því lengi getur gott batnað. Ég myndi segja að þetta væri námskeið hugsað fyrir alla þá sem vilja læra að bera ábyrgð á eigin heilsu,“ segir Geir Gunnar.

**Skynsamleg skref en ekki átak**

*En hversu miklu ætli sé áorkað á einni helgi á meðan fólk er oft að berjast hálfa ævina við að breyta lífsstíl sínum til betri vegar?*

„Það verða svo sem engin kraftaverk unnin á einni helgi en það er von mín að hver og einn geti tekið með sér punkta tengda bættri heilsu sinni, svo sem um betra mataræði, betri svefn, markvissari hreyfingu og sterkari andlega heilsu.“

**Láta ekki stórhátíðir skemma**

Eins og fyrr segir hefur Geir Gunnar áður staðið fyrir slíkum námskeiðum en þá alltaf vikulöngum. „Vikunámskeið er ekki praktískt í öllum þeim jólahlaðborðum, jólatónleikum og jólaundirbúningi sem heltekur desember. Því langaði okkur á Heilsustofnun að prófa að vera með stíft helgarnámskeið í desember og leggja grunn að góðri heilsu um jólin og á nýju ári.

Mín reynsla úr líkamsræktarbransanum og næringarfræðinni hefur kennt mér það að það eru allt of margir sem koma með offorsi á námskeið og skrá sig í ræktina í fyrstu vikunni í janúar en eru allt of oft dottnir aftur í sama gamla óholla lífsstílinn áður en febrúar hefst.

Því er þetta námskeið mikilvægt til að kenna fólki að láta ekki stórhátíðir eins og jólin skemma heilsusamlegan lífsstíl, enda alveg 100 prósent öruggt að það koma jól, páskar, afmæli, sumarfrí og veislur á hverju einasta ári en það er ekkert víst að þú haldir heilsunni þessi ár ef þú ferð ekki að setja hana í forgang.“



**Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur heldur námskeið fyrir þá sem hafa ekki náð að forgangsraða heilsunni í hversdeginum.**

## Einfaldar reglur Geirs Gunnars

„Einfaldar og ekki einfaldar en þessar reglur eru að minnsta kosti eitthvað sem ég hef verið að tileinka mér í gegnum áratugina og hefur reynst mér nokkuð vel.“

- Borða hollan morgunmat alla daga.
- Borðað alvöru mat úr náttúrunni.
- Ekki borða neitt eftir kl. 19.00 á kvöldin, sex sinnum í viku.
- Ekki drekka sykraða eða sætuefnis gosdrykki.
- Finna hreyfingu sem er skemmtileg og stunda hana reglulega.
- Njóta hreyfingar í náttúrunni.
- Stefna að því að ná 7-8 tíma órofnum nætursvefni.
- Ekkert koffín eftir klukkan 16 á daginn.
- Næra sálina – muna að brosa alla daga.
- Vertu besti vinur þinn.
- Verum fyrirmyndir annarra og sérstaklega barnanna okkar í heilsueflingu. Það er besta forvörnin og þú ert frekar til staðar fyrir börnin þín ef þú hugsar um heilsu þína og börnum okkar veitir ekkert af góðum fyrirmyndum í Instagram-heiminum sem þau lifa í.

**ÞAÐ ERU ALLT OF MARGIR SEM KOMA MEÐ OFFORSI Á NÁMSKEIÐ OG SKRÁ SIG Í RÆKTINA Í FYRSTU VIKUNNI Í JANÚAR EN ERU ALLT OF OFT DOTTNIR AFTUR Í SAMA GAMLA ÓHOLLA LÍFSSTÍLINN ÁÐUR EN FEBRÚAR HEFST.**

**Jólin aðeins ein vika ársins**

Geir Gunnar ráðleggur fólki að ganga hægt um gleðinnar dyr í desember. „Njótum jólanna og undirbúningsins án þess að kála okkur í óhollustunni. Njótum góðrar samveru með vinum og ættingjum. Notum frítímann sem við fáum um jólin til að hreyfa okkar meira. Ef þú vilt gefa góða jólagjöf gefðu þá sjálfum þér og þínum góða heilsu.

Svo má líka benda á það að jólin sjálf, það er að segja aðfangadagur til nýársdags, eru rétt rúm vika og þótt þú farir út af sporinu í mataræði og hreyfingu þessa viku þá skiptir það litlu máli í stóra heilsusamhenginu því það eru 52 vikur í einu ári.“ **bjork@frettabladid.is**






**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# ÞÚ FINNUR GÆÐIN MEÐ BROS Á VÖR

# TIL HAMINGJU MEÐ ÞAÐ!




**Til hamingju pokarnir bíða þín glaðir í bragði í næstu verslun.**

Það er alltaf stutt í brosið ef þig vantar bragðgóða hollustu, nasl eða nesti fyrir heilbrigðan lífsstíl og gleði.

**Til hamingju með þetta**
Baunir og linsur
Hnetur og fræ
Hamingjusnakk
Kókos og rúsínur
Múslí og morgunkorn

TIL HAMINGJU

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Vesalings gerandinn

Í síðasta mánuði las ég afar dónalegan og eftir því óskemmtilegan brandara á DV um umdeildan femínista. Í stað þess að hlæja fann ég skelfilega til, ekki með henni heldur honum sem lét hafa eftir sér óþverrann. Til þess að útskýra það vitna ég í gríska rithöfundinn Nikos Kazantzakis sem sagði frá því í bók sinni Síðasta freistingin að mikill fjöldi fólks hefði komið saman til að horfa á krossfestingu tötraklædds manns. Þetta var ekki Kristur í það skiptið. Í fyrstu vildi fjöldinn hrópa og syngja einhverja óða til að herða kjark þess sem krossinn bar. En allt í einu áttaði áhorfendaskarinn sig á því að hann þurfti enga uppörvun, fórnarlambið lagðist á krossinn og breiddi út arma sína viss um að alvaldið væri sér nær en þeim sem komnir væru til að svala sínum aumustu þrám. Nikos lýsir afar vel þegar hópurinn skynjar að sá sem nota átti sem átyllu var, eftir allt saman, hátt fyrir ofan höfuð þessa fólks. Þessi mynd birtist ávallt í huga mér þegar ég sé fólk reyna að niðurlægja náungann.

Nú kann einhver að segja að femínistakonan hafði sjálf reynt að negla menn á krossinn en ef svo er kemur það málinu ekki við. Þessi pistill er ekki um hana heldur það að næst þegar einhver ætlar að færa okkur frétt af öðrum skulum við spyrja eins og Sókrates: Er hún sönn, er hún af góðum rótum eða kemur hún mér að gagni? Nú, ef ekki, þá er til þýðing Sigurðar A. Magnússonar á Freistingunni. Góðkynja bók sem kemur sér alltaf vel.








